

Jakob Orri Jónsson, Daníel Freyr Ívarsson og Delaney Lynn Dammeyer

Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ

Samantekt á uppgrefti sem fór fram 2002-2006



Reykjavík 2026

Þakkir:

Bjarna F. Einarssyni er þakkað fyrir að stjórna uppgreftinum á Kirkjubæjarklaustri, fyrir að gefa höfundum þessarar skýrslu aðgang að öllum gögnum um uppgröftinn sem og fyrir að gefa leyfi til að skrifa og birta þessa skýrslu.

Öðrum höfundum áfangaskýrslna um uppgröftinn á Kirkjubæjarklaustri 2002–2006, Kristjáni Mímissyni og Söndru Sif Einarsdóttur skal þakkað fyrir þeirra vinnu, sem og öllum því starfsfólki sem kom að uppgreftinum.

Uppgröfturinn 2002–2006 fór fram fyrir fjárframlög úr Kristnihátíðarsjóði og frá Skaftárhreppi.

Samantekt þessi var unnin fyrir fjárframlag úr Rannsóknasjóði Íslands, öndvegisstyrkur nr. 228576-051.

© Reykjavík: höfundar, 2026

Forsíðumynd: Mannvirki 39 – Trévirki – meintur vefstaður. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 10.7.2006.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Rannsóknir á Kirkjubæjarklaustri til 2006.....	2
3. Stjórnsýsla og fjármögnun	6
4. Almennar upplýsingar og aðferð á vettvangi	6
5. Markmið	7
6. Stærð og umfang uppgrftar	7
6.1. Forrannsókn	8
6.2. Svæði A.....	10
6.3. Svæði B.....	11
6.4. Svæði C.....	12
6.5. Svæði D.....	13
6.6. Svæði E.....	13
6.7. Svæði F	14
6.8. Prufuskurður 1	14
6.9. Prufuskurður 2	14
7. Lýsing mannvirka	14
Mannvirki 1 – Garður / torfveggur	15
Mannvirki 2 – Traðir.....	15
Mannvirki 3 – Hús I.....	16
Mannvirki 4 – Hleðsla	19
Mannvirki 5 – Hús III	20
Mannvirki 6 – Ræsi I	23
Mannvirki 7 – Ræsi II.....	24
Mannvirki 8 – Ræsi III.....	24
Mannvirki 9 – Ræsi IV	25
Mannvirki 10 – Tunna	25
Mannvirki 11 – Steinþró	26
Mannvirki 12 – Hús II.....	26
Mannvirki 13 – Veggur / garður	26
Mannvirki 14 – Undirstaða fyrir þilvegg	28
Mannvirki 15 – Hleðsla / garður	28
Mannvirki 16 – Steinlagt gólf / hús III	28
Mannvirki 17 – Meint göng	29
Mannvirki 18 – Ræsi V.....	30
Mannvirki 19 – Steinkassi	30
Mannvirki 20 – Tunna II.....	30
Mannvirki 21 – Hús V	31
Mannvirki 22 – Garður / veggur	31
Mannvirki 23 – Sáfar	31
Mannvirki 24 – Skjóla	32
Mannvirki 25 – Dyr – Þrepskjöldur.....	32
Mannvirki 26 – Sáfar II.....	32

Mannvirki 27 – Steinhleðsla – undirstöður fyrir þilvegg.....	33
Mannvirki 28 – Timburstöðvirki – dyr	33
Mannvirki 29 – Torf.....	33
Mannvirki 30 – Hús VI.....	34
Mannvirki 31 – Torf- og steinveggur.....	35
Mannvirki 32 – Garður / veggur	35
Mannvirki 33 – Hús VII.....	35
Mannvirki 34 – Hús IX	35
Mannvirki 35 – Meintur kampur.....	36
Mannvirki 36 – Steingólf – herbergi.....	36
Mannvirki 37 – Tunna III	37
Mannvirki 38 – Steinflötur.....	38
Mannvirki 39 – Trévirki – meintur vefstaður	38
Mannvirki 40 – Garður / Veggur	38
Mannvirki 41 – Meint ræsi	39
Mannvirki 42 – Tunna IV	39
Mannvirki 43 – Sáfar III	39
Mannvirki 44 – Ræsi VI	40
8. Fundir	40
8.1. Steinar	40
8.2. Járn.....	41
8.3. Bein.....	42
8.4. Viður	42
8.5. Keramik.....	43
8.6. Gler	43
8.7. Brons og kopar	44
8.8. Textíll	45
8.9. Leður.....	46
8.10. Vax.....	46
9. Grafir.....	46
10. Túlkun.....	47
11. Niðurlag	48
Heimildaskrá.....	49
Fundaskrá, samsett úr áfangaskýrslum 2002–2006	51
Sýnaskrá, samsett úr áfangaskýrslum 2002–2006	94
Jarðlagaskrá, samsett úr áfangaskýrslum 2002–2006	97
Jarðlög í Prufuholu 1	97
Jarðlög í Prufuholu 2.....	97
Jarðlög í Prufuholu 3.....	98
Jarðlög uppgraftarsvæðis	99
Mannvirkjaskrá, samsett úr áfangaskýrslum 2002–2006.....	103
Viðauki 1: Skordýragreining.....	106
Viðauki 2: Greiningar á textíl frá Kirkjubæjarklaustri	117

Myndaskrá

Forsíðumynd. Mannvirki 39 – Trévirki – meintur vefstaður. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 10.7.2006.	
Mynd 1. Mynd tekin með flygildi sem sýnir staðsetningu uppgraftarsvæðisins 2002–2006, malarflötur fyrir miðri mynd. Gamla kirkjugarðurinn er umlukinn trjám til vinstri af uppgraftarsvæðinu. Kapellan er þar fyrir neðan. Innan kirkjugarðsins og vinstramegin við hann má sjá uppgraftarsvæði í tengslum við rannsóknina Samspil manns og náttúru, 2023 (bmn.hi.is).....	2
Mynd 2. Yfirlitsmynd tekin með flygildi með teikningu af mannvirki 5 innan uppgraftarsvæðisins frá 2002–2006 og mannvirki 40 í Prufuskurði 2, í trjánum fyrir miðri mynd. Efst á myndinni má sjá tóftir 19. aldar bæjarins. Innan gamla kirkjugarðsins og vinstramegin við hann má sjá uppgraftarsvæðin frá 2023.....	5
Mynd 3. Loftmynd sem sýnir staðsetningu profuskurða sem teknir voru árið 2000. Loftmynd fengin af ja.is/kort.....	8
Mynd 4. Teikning af uppgraftarsvæðum á Kirkjubæjarklaustri 2002–2006.	10
Mynd 5. Yfirlit yfir svæði D, E og F. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 7.7.2006.....	13
Mynd 6. Mannvirki 1 – Garður / torfveggur í horni svæðis A. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 10.6.2002.	15
Mynd 7. Mannvirki 2 – Traðir má sjá sem dökkt lag til vinstri. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 4.6.2002.	16
Mynd 8. Mannvirki 3 – Hús I. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 26.6.2002.....	17
Mynd 9. Teikning af Mannvirki 3 – Hús I, með rýmin merkt og útlínur uppgraftarsvæða. Einnig má sjá mannvirki 4 – Hleðsla, 6 – Ræsi I, 8 – Ræsi III, 9 – Ræsi IV og 11 – Steinþró á teikningunni.	18
Mynd 10. Mannvirki 4 – Hleðsla. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 20.6.2002.	19
Mynd 11. Mannvirki 5 – Hús III fyrir miðri mynd. Myndina tók Kristján Mímisson, 4.7.2005.	21
Mynd 12. Teikning af Mannvirki 5 - Húsi III með merkt rými og útlínur uppgraftarsvæða. Leifar vefstóls (M39) eru merktar í brúnu í rými M5:B. Einnig eru merkt inn mannvirki 35 – Meintur kampur og 36 – Steingólf – herbergi.	22
Mynd 13. Mannvirki 10 – Tunna. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 11.7.2002.	25
Mynd 14. Teikning sem sýnir afstöðu ýmissa mannvirkja innan uppgraftarsvæðisins. Ekki sýnd eru mannvirki sem sjá má á öðrum teikningum (sjá myndir 7 og 10). Einnig eru ekki sýnd mannvirki 1, 2 og 12 sem öll liggja ofan á mannvirkjum á svæðum A, B og C og mannvirki 34 sem liggur að hluta undir mannvirki 17, 14:A og 5 (mynd 10).....	27
Mynd 15. Gólf í mannvirki 17 – meint göng. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 11.6.2004.	29
Mynd 16. Mannvirki 23 – Sáfar. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 9.7.2004.	31
Mynd 17. Mannvirki 24 – Skjóla. Myndina tók Kristján Mímisson, 3.6.2005.	32
Mynd 18. Mannvirki 26 – Sáfar II. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 24.6.2005.	33
Mynd 19. Mannvirki 30 – Hús VI fyrir miðri mynd. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 8.7.2005.	34

Mynd 20. Mannvirki 36 – Steingólf. Myndina tók Bjarni F. Einarsson 14.7.2005.....	37
Mynd 21. Mannvirki 38 og 39 neðramegin til vinstri. Myndina tók Kristján Mímisson.	38
Mynd 22. Snældusnúður (2007-44-633).....	41
Mynd 23. Þrjónar (2007-44-143).....	41
Mynd 24. Trénál (2007-44-316).	42
Mynd 25. Brot úr steindum glugga (2007-44-466).....	44
Mynd 26. Fingurbjörg (2007-44-179).....	44
Mynd 27. Reikningspeningur (2007-44-563).	45
Mynd 28. Vaxklumpur (2007-44-650).	46

Útdráttur

Árið 2002 hófst rannsókn, styrkt af Kristnihátíðarsjóði og Skaftárhreppi, á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ og varði sú rannsókn í fimm ár, eða til ársins 2006. Fornleifafræðingurinn Bjarni F. Einarsson frá Fornleifafræðistofunni leiddi rannsóknina og tók stór hópur fornleifafræðinga og -nema frá ýmsum löndum þátt í uppgreftinum. Markmið rannsóknarinnar var að staðsetja klaustrið og rannsaka byggingarstíl og efni þess og hvort sá stíll fylgdi hefð Evrópskra byggingarstíla eða hefðbundnum stíl íslenskra húsa. Ekki var möguleiki á því að klára að rannsaka allar minjar klaustursins vegna þess hversu flókið uppgraftarsvæðið var sökum mikils foksands og vatns á uppgraftarsvæðinu. Þrátt fyrir að ekki reyndist mögulegt að rannsaka fyrstu tvær aldir sögu Kirkjubæjarklausturs þá var hægt að greina þrjú síðustu byggingaskeið klaustursins fyrir siðaskipti sem veitti áður óþekktar upplýsingar um klaustrið.

Abstract

In 2002 investigations on the ruins of the female monastery at Kirkjubær began and continued for five years until 2006. The investigations were led by the archaeologist Bjarni F. Einarsson from The Archaeological Office, and a group of archaeologists and students from multiple countries participated in the excavation. The aim of the investigations was to locate the monastery and study the building style and the building materials of the monastery buildings to see if it followed the building style of mainland Europe or the style of traditional Icelandic buildings. Excavating the entire monastery proved to be impossible due to the complexity of the excavation, issues with groundwater and the depth of the windblown sand covering it. Despite being unable to investigate the first two centuries of the monastery, the research shed light on the last three building phases of the Kirkjubæjarklaustur monastery before the Reformation, which offered previously unknown information about the site.


1. Inngangur

Það var þann 3. júní 2002 að Bjarni F. Einarsson, ásamt níu fornleifafræðingum frá Íslandi, Svíþjóð og Englandi, hóf fyrsta uppgröft verkefnisins *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ*. Á þessum tíma var lítið vitað um gerð íslenskra miðalda klaustra og því var markmið verkefnisins ekki aðeins að staðsetja Kirkjubæjarklaustur heldur einnig að rannsaka byggingarlag klaustursins og kanna hvort byggingarstíll þess fylgdi sama stíl og önnur miðalda klaustur á meginlandi Evrópu eða hvort það fylgdi byggingastíl íslenskra bæjarhúsa. Staðsetning uppgraftarins miðaðist við niðurstöður jarðsjármælinga sem gerðar voru árin 1995, 1998 og 2000 og þriggja prufuskurða sem grafnir voru árið 2000. Út frá niðurstöðum þessara forrannsókna var vitað að minjar klaustursins myndu liggja djúpt undir foksandi og reyndist það raunin (*Skýrsla 2002*, bls. 4).

Rannsóknin á Kirkjubæjarklaustri varði í fimm ár og var síðasta uppgrafhtar tímabilið sumarið 2006. Á þessum fimm árum var 215 fermetra stórt rannsóknarsvæði opnað sem skipt var niður í fimm svæði (svæði A, B, C, D, E og F) norðaustan við gamla kirkjugarðinn á Kirkjubæjarklaustri (mynd 1). Við rannsóknina fundust á fimmta tug mannvirkja sem voru aldursgreind frá upphafi búsetu á svæðinu, við upphaf byggðar á Íslandi, og alveg fram að 19. öld. Minjar frá 15. öld til 17. öld voru hvað best varðveittar (*Skýrsla 2006*, bls. 8–9). Á þeim árum sem vettvangsrannsóknir stóðu yfir voru skráð 964 fundanúmer og var stór partur þessara gripa úr lífrænum efnum, beini og við, sem undir venjulegum kringumstæðum varðveitast ekki vel í jörðu.

Þegar uppgrefti lauk hafði ekki reynst mögulegt að svara öllum þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram til fullnustu en þrátt fyrir það gaf hann af sér gífurlegt magn nýrra upplýsinga um klaustrið, til að mynda um mikilvægi textílvinnu og klæðagerðar innan. Ýmsir gripir sem fundust við uppgröftinn hafa sýnt fram á alþjóðleg viðskiptatengsl klaustursins, til dæmis gullhúðaður reikningspeningur sem fannst ásamt steindu glerbroti (2006, bls. 7). Rannsóknin á Kirkjubæjarklaustri skipar stóran sess í rannsóknum á miðaldarminjum á Íslandi og er þessi skýrsla samantekt á niðurstöðum þessara rannsókna.

Í kafla 6. *Stærð og umfang uppgrafhtar* má lesa yfirlit um hvert svæði uppgrafhtarins fyrir sig en kafla 7. *Lýsing mannvirkja* er farið nánar í þau mannvirki sem skráð voru í uppgræftinum. Kafla 8. *Fundir* fjallar um þá gripa sem fundust, kafla 9. *Grafir* fjallar um þær grafir sem fundust. Kafla 10. *Túlkun* tekur saman efni fyrri kafla og túlkun uppgrafhtarins.



Mynd 1. Mynd tekin með flygildi sem sýnir staðsetningu uppgraftarsvæðisins 2002–2006, malarflötur fyrir miðri mynd. Gamla kirkjugarðurinn er umlukinn trjám til vinstri af uppgraftarsvæðinu. Kapellan er þar fyrir neðan. Innan kirkjugarðsins og vinstramegin við hann má sjá uppgraftarsvæði í tengslum við rannsóknina Samspil manns og náttúru, 2023 (bmn.hi.is).

2. Rannsóknir á Kirkjubæjarklaustri til 2006

Hreppsnefnd Skaftárhrepps samþykkti tillögu Árna Elíassonar árið 1995 um að sækja um styrk til rannsóknar á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæjarklaustri. Rannsóknin fékk 150 000 kr styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til þess að gera jarðsjármælingar með það markmið í huga að afmarka klaustursvæðið. Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason, starfsmenn Línuhönnunar hf. unnu svo að jarðsjármælingum á Klausturshólnum svokallaða en samkvæmt niðurstöðum þeirra þá voru rústir klaustursins ekki í Klausturhólnum (Sigurjón Páll Ísaksson og Þorgeir S. Helgason, 1995, bls. 196). Áframhaldandi jarðsjármælingar voru svo gerðar árið 1998 í kringum gamla kirkjugarðinn og þar kom í ljós hversu þykk mannvistarlög rútasvæðisins í raun voru og hversu djúpt undir sandfoki og gjóskulögum mannvirkin lágu (*Skýrsla 2002*, bls. 1).

Árið 2000 voru grafnar þrír prufuskurðir á Kirkjubæjarklaustri af fornleifafræðingunum Bjarna F. Einarssyni og Daniel Lindblad frá Fornleifafræðistofunni. Niðurstaða þeirra var sú að líklegasta staðsetning klausturs rústanna var í eða við þá rústahóla sem standa norðan og

norðaustan við gamla kirkjugarðinn. Einnig sýndu þrífuskurðirnir fram á að bæjarstæðið hafi verið í notkun á 15. öld og því líklegasta staðsetning klaustursins (*Skýrsla 2002*, bls. 3).

Árið 2002 hófst hinn eiginlegi uppgröftur á Kirkjubæjarklaustri er styrkur fékkst úr Kristnihátíðarsjóði og var Bjarni F. Einarsson stjórnandi rannsóknarinnar. Markmiðið fyrir fyrsta ár uppgráftarins var aðeins að staðsetja klaustrið með vissu. Til að byrja með var 50 m² flötur opnaður við norðausturhorn gamla kirkjugarðsins og við suðaustanverðar rætur bæjarhólsins (*Skýrsla 2002*, bls. 4). Á fyrsta ári uppgráftarins var komið niður á mannvirki frá 16. til 19. aldar og því voru þær minjar sem grafnar voru fram það árið yngri en klaustrið (*Skýrsla 2002*, bls. 23). Eftir rannsókn sumarsins 2002 var ljóst að eftir siðaskiptin og fram að 1822 stóð býlið Kirkjubæjarklaustur þar sem klausturhúsin stóðu fyrir siðaskiptin (*Skýrsla 2003*, bls. 1). Við rannsóknina árið 2002 voru 13 mannvirki skráð, og af þeim voru þrjú hús (mannvirki 3, mannvirki 5 og mannvirki 12) og sautján jarðlaganúmer. Einnig voru skráð 158 gripir og var einn merkilegasti gripurinn sem fannst það sumarið altarissteinn (F.nr. 148) sem er úr rauðu, hörðu bergi (*Skýrsla 2002*, bls. 20).

Annað uppgráftartímabilið á Kirkjubæjarklaustri, í júní 2003, reyndist mjög vætusamt og hafði það mikil áhrif á uppgráftarsvæðið. Ekki var hægt að vinna í miðaldarminjum á svæði A vegna mikilla uppsöfnunar á vatni og því breyttust rannsóknaráherslur tímabilsins. Í stað þess að rannsaka miðaldarminjar á svæði A voru þrjú ný svæði opnuð (B, C og D; sjá mynd 2 í kafla 6) og áhersla var lögð á yngri minjar á þessum svæðum. Við þessa stækkun rannsóknarsvæðisins var uppgráftarflöturinn orðinn 106 fermetrar (*Skýrsla 2003*, bls. 3).

Árið 2003 voru tvö ný mannvirki skráð á svæðum B, C og D og voru þau tengd mannvirkjunum sem fundust á svæði A (*Skýrsla 2003*, bls. 6). 223 fundanúmer voru skráð árið 2003 og voru flestir gripirnir úr tröðunum (mannvirki 2). Algengustu gripaflokkarnir þetta árið voru járngripir og bein en einnig fannst gullplata (f.nr. 2007-44-360) í lagi 22 og vaxklumpur í lagi 21 (*Skýrsla 2003*, bls. 16). Eftir uppgröftinn sumarið 2003 var talið að mannvirki 3, stórt hús sem lá undir tröðunum á svæði A, B og C væri eldra en mannvirki 5 sem var að finna á sömu svæðum (*Skýrsla 2003*, bls. 22). Uppgröftur næsta árs sýndi fram á að þetta var rangt.

Þann 1. júní 2004 hófst þriðja uppgráftartímabil rannsóknarinnar. Markmið ársins 2004 var að leggja áherslu á miðaldarminjar sem fundist höfðu árin áður. Áfram var grafið á svæðum A, B C og D, en svæði C var stækkað um einn metra til austurs og suðurs vegna rofs í sniðum og svæði D var einnig stækkað um 25m². Nýtt svæði, svæði E, var opnað sunnan við svæði D og var það 35

m². Var uppgraftarsvæðið því í heild 180 m² að stærð við lok uppgraftartímabilsins 2004 (*Skýrsla 2004*, bls. 4). Þetta ár voru átta ný mannvirki skráð, 19 jarðlaganúmer og 266 fundanúmer. Gripir sem fundust þetta árið bentu til þess að klausturhúsin væru fundin. Voru þetta, meðal annars, brot úr steindum glugga, gullhúðaður reikningspeningur og mögulegur altarissteinn. Einnig fundust gripir sem sýndu fram á að mikið var um klæðagerð og textílvinnu á svæðinu, til að mynda kljástear og snældusnúðar, brýni sem notuð hafa verið til að brýna t.d. nálar og smáhnífa (*Skýrsla 2004*, bls. 27-28). Niðurstaða rannsóknarinnar sumarsins 2004 var sú því að þessar miðaldaminjar tilheyrð klausturhúsunum (*Skýrsla 2004*, bls. 35).

Markmið uppgrftarins sumarið 2005 var að rannsaka mannvirki 5, þ.e. klaustrið. Uppgröftur á minjum frá því eftir siðaskipti var lokið á svæðum A til E og því var áhersla lögð á að opna nýtt svæði sunnan við reit C og austan við reit D og E, sem fékk nafnið svæði F. Svæði F var opnað til þess að geta rannsakað betur útbreiðslu mannvirkis 5 á þessu svæði og því var uppgraftarsvæðið orðið 215 m² í lok uppgraftartímabils 2005. Grafið var á öllum svæðum uppgrftarins (*Skýrsla 2005*, bls. 10-11). Þetta sumar voru 13 ný mannvirki skráð, 16 jarðlaganúmer og 173 fundanúmer. Algengustu gripirnir sem fundust árið 2005 voru gripir úr við, en þeir voru 47 talsins (*Skýrsla 2005*, bls. 34–35). Niðurstaða rannsóknarinnar eftir sumarið 2005 var sú að mikill fjöldi mannvirkja hefur staðið á rústasvæðinu og árið 2005 var búið að rannsaka þrjú byggingarskeið klaustursins. Einnig kom í ljós að 17. aldar byggingar tóku mið af formi klausturhúsanna (*Skýrsla 2005*, bls. 39).

Þann 1. júní 2006 hófst seinasta uppgraftartímabil þessara rannsókna á Kirkjubæjarklaustri. Markmið sumarsins var að rannsaka klausturminjar frá 14. og 15. öld þ.e. minjar tengdar mannvirkjum 5 og 34 (mynd 2). Einnig var ákveðið að gera tvo prufuskurði innan kirkjugarðsins til þess að reyna að fylgja miðaldarústunum til austurs og til þess að finna minjar um miðaldakirkjuna og tengsl hennar við klausturhúsin (2006, bls. 11). Unnið var á svæðum C til F en ekki þótti nauðsynlegt að halda áfram að grafa á svæðum A og B þar sem ekki var búið við fleiri byggingarleifum þar (*Skýrsla 2006*, bls. 11). Auk þess að halda áfram rannsóknum á mannvirkjum sem höfðu áður fundist þá voru skráð átta ný mannvirkjanúmer (*Skýrsla 2006*, bls. 11-12). Skráð voru 115 fundanúmer árið 2006 og því fundust þó nokkuð færri gripir miðað við



Mynd 2. Yfirlitsmynd tekin með flygildi með teikningu af mannvirki 5 innan uppgriftarsvæðisins frá 2002–2006 og mannvirki 40 í Prufuskurði 2, í trjánum fyrir miðri mynd. Efst á myndinni má sjá tóftir 19. aldar bæjarins. Innan gamla kirkjugarðsins og vinstramegin við hann má sjá uppgriftarsvæðin frá 2023.

fyrri ár (*Skýrsla 2006*, bls. 35). Voru í heild skráð 44 mannvirki á öllum árum verkefnisins og alls voru skráð 964 fundanúmer.

Eftir að uppgræftri á Kirkjubæjarklaustri lauk 2006 var niðurstaða hennar sú að þrátt fyrir umfangsmikla rannsókn þá hafði aðeins lítill hluti klausturhúsanna verið grafinn upp. Við rannsóknina fundist þrjú byggingaskeið klaustursins. Þau eru Hús III (mannvirki 5) sem er 15. aldar klaustrið, Hús IX (mannvirki 34) sem eru meintar minjar klaustursins frá síðari hluta 14. aldar og Hús II (mannvirki 12) sem er frá lokum miðalda og var illa farið vegna nýrra mannvirkja sem voru byggð í lok 16. eða byrjun 17. aldar (*Skýrsla 2006*, bls. 38).

3. Stjórnsýsla og fjármögnun

Fyrirhuguð forrannsókn á rústum Kirkjubæjarklausturs fékk styrk frá Rannís til þess að hefja fornleifarannsókn á klaustrinu árið 2000. Einnig greiddi Kirkjubæjarstofa fyrir fæði, upphald og forvörslu. Aðrir aðilar lögðu fram vinnu sína, eða hluta hennar án greiðslu (*Skýrsla 2000*, bls. 5-6). Verkefnið *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ* fékk síðan 5 ára styrk frá Kristnihátíðarsjóði og Skaftárhreppi árið 2002. Rannsóknin fékk að auki framlög frá Kirkjubæjarstofu og Fornleifafræðistofunni (2002, bls. 3-4). Fyrir rannsóknarárið 2005 var styrkur Kristnihátíðarsjóðs til verkefnisins hækkaður um tæp 3% og aftur um 17% árið 2006 (*Skýrsla 2005*, bls. 9-10, *Skýrsla 2006*, bls. 7).

4. Almennar upplýsingar og aðferð á vettvangi

Uppgröfturinn á Kirkjubæjarklaustri átti sér stað, líkt og áður getur, frá árinu 2002 til og með 2006. Fyrsta uppgräftartímabilið hófst þann 3. júní og stóð yfir í sex vikur eða til 12. júlí. Það tímabil tóku níu manns þátt í uppgreftinum (*Skýrsla 2002*, bls. 3). Hinn 2. júní árið 2003 hófst annað ár uppgrافتar og stóð hann fram til 30. júní og aftur tóku níu fornleifafræðingar þátt í rannsókninni (*Skýrsla 2003*, bls. 2). Hinn 1. júní árið 2004 hófst þriðja ár uppgrافتar og varði það fram til 15. júlí. Í þetta sinn tóku tólf manns þátt frá sex löndum (*Skýrsla 2004*, bls. 2). Frá 1. júní til 15. júlí árið 2005 störfuðu tíu fornleifafræðingar við uppgröftinn á Kirkjubæjarklaustri (*Skýrsla 2005*, bls. 9). Síðasta ár uppgrافتarins árið 2006 hófst 1. júní og varði til 15. júlí. Átta fornleifafræðingar og fornleifafræðinemar auk menntaskólanema tóku þátt í uppgrefti sumarsins (*Skýrsla 2006*, bls. 10).

Öll svæði uppgrافتarins voru opnuð með vélgröfu en annars fór önnur vinna fram með handverkfærum. Vinnulagið og skráning uppgrافتarins var það sama hvert ár uppgrافتarins, s.s. öll svæðin voru grafin í jafnhæða plönun en inn á milli var náttúrulegum jarðlögum fylgt þegar við átti. Einnig voru snið grafin ofan í niðurgrafnar byggingarleifar (*Skýrsla 2006*, bls. 12). Við rannsóknina var uppgrافتarflöturinn og snið hans teiknaður í mælikvarðanum 1:20. Hann var einnig ljósmyndaður með stafrænni myndavél og litskyggjur voru teknar af honum. Videomyndataka var gerð af uppgreftinum og efnið úr henni var notað til að búa til stuttmyndir um rannsóknina á Kirkjubæjarklaustri (*Skýrsla 2002*, bls. 5).

Notast var við hnita- og hæðarkerfi sem sett var upp fyrir rannsóknina til að mæla inn fundina sem fundust við rannsóknina. Gripir, mannvirki, jarðlög og sýni voru gefin fylgjandi númer og voru þau sett inn í gagnagrunna (*Skýrsla 2006*, bls. 12).

5. Markmið

Þegar rannsóknin hófst árið 2002 hafði var Viðeyjarklaustur eina klaustrið á Íslandi sem hafði verið rannsakað að einhverju leyti. Líkt og þegar hefur komið fram var meginmarkmið rannsóknarinnar á Kirkjubæjarklaustru að staðsetja klaustrið. Skyldu rústir klaustursins finnast var markmiðið að rannsaka þær og byggingarstíl þess með það að leiðarljósi að athuga hvort að byggingarlag og efni Kirkjubæjarklausturs fylgdi hefðbundnum stíl bygginga á Íslandi eða hvort það fylgdi byggingarstíl klaustra á meginlandi Evrópu. Einnig átti að rannsaka tengsl Kirkjubæjarklausturs við önnur lönd (*Skýrsla 2002*, bls. 4).

Hvert uppgraftartímabil hlaut þó sín eigin markmið, til að mynda þá var markmið áranna 2002 og 2003 að rannsaka yngri minjar á svæðum A til D. Árið 2004 var áhersla lögð á að rannsaka miðaldarminjar, það er að segja Hús III (mannvirki 5) og Hús II (mannvirki 12) (*Skýrsla 2004*, bls. 3). Árið 2005 var megin áhersla lögð á að halda áfram að rannsaka mannvirki 5 ásamt öðrum miðaldarminjum, en þar sem komið var niður á þær á svæðum A til E var unnið að því að klára að rannsaka yngri minjar á svæði F svo hægt væri að kanna betur stærð mannvirkis 5 (*Skýrsla 2005*, bls. 10-11). Markmið seinasta uppgraftartímabilsins var að klára uppgröft á mannvirki 5 og þeim byggingum sem voru því tengd, ásamt mannvirki 34 (*Skýrsla 2006*, bls. 11).

6. Stærð og umfang uppgrftar

Uppgröftur á minjum Kirkjubæjarklausturs fór, yfir öll ár hans, fram á sex svæðum sem hlutu bókstafina A til F (Mynd 2). Líkt og fram kemur í kafla 2. *Rannsóknir á Kirkjubæjarklaustri til 2006* voru þessi svæði ekki öll opnuð á sama tíma heldur eitt af öðru. Auk þessara svæða voru teknir prufuskurðir sem hluti af forrannsóknum og tveir að auki árið 2006. Heildarstærð uppgraftarsvæðisins á Kirkjubæjarklaustri var 215 m² þegar uppgræfti lauk árið 2006.

Hér verður farið stuttlega yfir uppgraftarsvæðin og prufuskurðina fyrir öll ár uppgrftar en nánar má lesa um mannvirkin sem koma fyrir hér í næsta kafla, *Lýsing mannvirkja*.



Mynd 3. Loftmynd sem sýnir staðsetningu prufuskurða sem teknir voru árið 2000. Loftmynd fengin af ja.is/kort.

6.1. Forrannsókn

Við forrannsókn á Kirkjubæjarklaustri árið 2000 voru grafnir þrír prufuskurðir sem voru eins metra breiðar og þrír til fjórir metrar að lengd (mynd 3). Prufuskurðirnir voru teknir þar sem jarðsjármælingar og yfirborðsathuganir fyrri ára bentu til að væri að finna jaðar mannvirkja. Til að byrja með var notast við litla Bobcat vélskóflu til þess að grafa í gegnum sandlögin niður á mannvistarlög þar sem vitað var að foksandlögin myndu vera mjög þykk. Athugið að í skýrslum Fornleifafræðistofunnar eru þessir prufuskurðir kallaðir „prufuholur“.

6.1.1. Prufuhola 1

Prufuhola 1 var grafin austan við gamla kirkjugarðinn. Hún var 1 x 3 m að stærð og var mesta dýpt hennar 2,20 m. Hún snéri norðvestur-suðaustur og var hæð yfirborðslags norðvesturenda hennar 31,48 m yfir sjávarmáli og 30,33 m yfir sjávarmáli í suðausturenda holunnar (*Skýrsla 2000*, bls. 11).

Áður en komið var að mannvistarlögum þurfti að grafa u.þ.b. 1,30 metra niður í gegnum lög fokmoldar- og sands á víxl sem urðu að þykkum sandlögum og þunnum fokmoldarlögum. Mannvistarlagið (lag 4) sem kom fyrst í ljós undir sand- og moldarlögum var eflaust einn af öskuhaugum gamla bæjarins sem safnaðist hafði yfir rústum nunnuklaustursins. Hann var að mestu fjarlægður með vélgröfunni en í því sem eftir var fundust engir gripir. Undir lagi 4 var annað öskulag (lag 5) sem var sirka 10-18 cm þykkt og í því fundust brennd bein, viðarkol og sandlinsur. Öskulögin eru eflaust yngri en Örafajökulgosið 1362 (Ö-1362) en eldri en Skaftáreldalagið frá 1783, þó þetta sé aðeins ágiskun þar sem engin greinanleg gjóskulög var að finna í skurðinum. Eldra öskulagið (lag 5) er talið frá 16. öld út frá tveimur leirkersbrotum sem fundust í öskulögum. Undir lagi 5 voru fleiri mannvistarlög en þegar uppgrefti var hætt var komið að mögulegum vegg úr torfi í norðaustur horni skurðsins á ca. 1,85 m dýpi (*Skýrsla 2000*, bls. 11-12).

6.1.2. Prufuhola 2


Annar profuskurðurinn var tekinn norðan við Skriðuvelli og austan í rústabungu vestnorðvestan við elliheimilið á Kirkjubæjarklaustri. Skurðurinn var 1 x 4 m að stærð, mesta dýpt hans var 4,22 m og stefna hans var í SSV - NNA. Líkt og í Prufuholu 1 þá voru sand- og fokmoldarlög á víxl undir grasrótinni. Í austurhluta skurðarins kom fram mikið svart sandlag með þunnum moldarlögum í efri hluta þess. Undir þessum lögum kom í ljós grjóthleðsla á 1,55 m dýpi. Ofan og vestan við grjóthleðsluna, ca 1,10 m undir yfirborði, var komið niður á torfvegg (*Skýrsla 2000*, bls. 13).

Önnur grjóthleðsla kom í ljós á 2,10 m dýpi. Þrjár raðir grjóts mynduðu hleðsluna en á milli þeirrar neðstu og þeirri fyrir ofan hana var svart gjóskulag sem lá yfir öðrum veggjum í skurðinum. Þetta gefur til kynna að neðsta steinaröðin sé eldri og tilheyri líklegast upprunalega öðrum vegg. Mannvistarlag 13 var undir torfveggnum á 2,40 m dýpi í vesturhluta skurðarins. Fyrir miðju lags 13 var lag 14 sem var ljóst taðlag. Hefur það verið túlkað sem leifar skepnuhús. Undir því var annað ljóst lag sem hefur einnig verið túlkað sem skepnuhús (*Skýrsla 2000*, bls. 14). Neðsta

mannvistarlagið var á 3,81 m dýpi en úr því var tekið viðarkolasýni til kolefnisaldursgreiningar. Sýndi greiningin fram á að kolið var úr birki sem felld hafði verið á tímabilinu 890-1040 (*Skýrsla 2000*, bls. 16).

6.1.3. Prufuhola 3

Prufuhola 3 var grafin vestan við gamla kirkjugarðinn. Skurðurinn var 1 x 3 m að stærð og mesta dýpt hans var rúmlega 1 meter, í suðurenda hans. Var stefna hennar norðvestur – suðaustur. Þegar búið var að grafa rúmlega meter niður í suðurenda skurðarins var komið að grunnvatni og því var ekki grafið dýpra (*Skýrsla 2000*, bls. 16-17).



Mynd 4. Teikning af uppgriftarsvæðum á Kirkjubæjarklaustri 2002–2006.

Í Prufuholu 3 voru skráð þrjú mannvistarlög. Lágu þau öll undir svipuðum náttúrulegum lögum og var að finna í hinum profuskurðunum en beint ofan á mannvistarlögum var lag járnútfellinga (lag 3). Fyrsta mannvistarlagið (lag 4) var gráleitur, grófur sandur með ljósum rákum sem talið er hafa verið tað, gólf eða gata. Undir því voru tvö lög svarts sands, það efra (lag 5) var grófara en hið neðra (lag 6).

Í norðurhluta profuskurðsins var komið niður á grjóthleðslu á 0,85 m dýpi og voru mannvistarlög sitthvorumegin við hana. Norðan megin við grjóthleðsluna var nær hreint lag dýrabeina (lag 7) sem talið er vera fjöldagröf skepna sem drápust í hörmungum Skaftárelda. Sunnan megin við grjóthleðsluna var viðarkolalag (lag 8) sem innihélt einstaka brennd bein. Ekki var grafið niður fyrir lög 7 og 8 en eftir að vinnu var hætt í Prufuholu 3 var farið í kringum hana með jarðsjá og kom þar í ljós veggur. (*Skýrsla 2000*, bls. 17-18).

6.2. Svæði A

Árið 2002 var svæði A opnað við norðausturhorn gamla kirkjugarðsins og suðvestan bæjarhólsins, við rætur hans. Svæðið var 50 m² (10 x 5 m) þegar það var fyrst opnað og snéru langhliðar þess austur – vestur (mynd 4). Út frá reynslu forrannsóknanna var vitað að mikil dýpt var niður á

mannvistarleifar vegna þykkra sandlaga sem voru blönduð gjóskulögum. Var þetta einnig raunin á uppgraftersvæðinu og reyndist um það bil 1,50 metrar að meðaldýpt áður en komið var niður á jarðlög og mannvirki frá miðöldum. Til að byrja með var svæðið opnað með vélskóflu sem gróf niður á um það bil 0,50 m dýpt að fyrstu mannvistarlögunum áður en notast var við handverkfæri (*Skýrsla 2002*, bls. 4-5).

Við lok uppgrafter á Kirkjubæjarklaustri 2006 höfðu 22 mannvirki verið skráð á svæði A og af þeim voru 13 skráð fyrsta sumar uppgrafterins. Einnig voru 17 jarðlaganúmer og 158 fundanúmer skráð á svæði A þetta sama ár (*Skýrsla 2002*, bls. 6). Af mannvirkjanúmerunum sem skráð voru árið 2002 voru þrjú hús, (mannvirki 3, mannvirki 5, mannvirki 12) en næstu ár á eftir var aðeins eitt annað hús skráð á svæði A (mannvirki 34). Fjallað verður nánar um mannvirkin og gripina sem fundust á svæði A í kafla 6. og 7. Fyrsta sumarið voru aðallega minjar yngri en miðaldir grafnar upp, og því var markmið sumarsins 2003 að halda áfram rannsóknum á þessu svæði en sí vinna tafðist vegna mikilla rigninga. Svæðið fylltist af rigningarvatni sem gerði það að verkum að ómögulegt var að halda áfram vinnu á svæðinu það árið (*Skýrsla 2003*, bls. 3, 13).

Uppgröftur á svæði A hélt áfram næstu tvö árin. Árið 2004 voru fjögur mannvirki skráð (mannvirki 18, 19, 20, og 23). Einnig var eins fermetra stór prufuskurður grafinn í miðjan reit A til þess að kanna hversu djúp mannvistarlögin voru. Á tæplega 4 m dýpi var komið niður á gólflag sem innihélt viðarkol. Kolefnisaldursgreining sem gerð var á sýnum úr gólfluginu benti til að tímabilsins 660 - 790 (*Skýrsla 2005*, bls. 7). Þarna hafði gamall viður greinilega vera nýttur sem eldiviður. Árið 2005 var síðasta ár rannsóknar á svæði A. Komið var niður á mannvistarlög tímasett til miðalda og fjögur ný mannvirki voru skráð á svæðinu (mannvirki 24, 26, 32, og 34; *Skýrsla 2005*, bls. 10-11). Þrátt fyrir að enn væri að finna mannvistarlög á svæði A var tekin sú ákvörðun að grafa ekki þar árið 2006 þar sem ekki var búist við að fleiri mannvirki væri þar að finna (*Skýrsla 2006*, bls. 11).

6.3. Svæði B

Á öðru ári rannsóknarinnar var ákveðið að opna nýtt 10 m² stórt svæði sem gekk aðeins inn í bæjarhólinn en það var gert til þess að geta rannsakað betur mannvirki 3 og 12 (*Skýrsla 2003*, bls. 4-5). Samtals voru skráð sex mannvirki á svæði B (mannvirki 2, 3, 17, 27, 28, og 34) og af þeim voru tvö hús (mannvirki 3 og 34). Fyrsta mannvirkið sem kom í ljós á þessu svæði voru traðir (mannvirki 2) sem voru einnig að finna á svæðum A og C. Nyrst á svæðinu fannst stétt í tröðunum

sem hefur verið upp við bæjarhúsin frá 18. eða 19. öld. Undir tröðunum komu í ljós mannvirki 3:A til C. Útveggur hússins kom einnig í ljós undan tröðunum (*Skýrsla 2003*, bls. 7).

Árið 2004 voru tvö mannvirki (14 og 17) grafin fram á svæðinu (*Skýrsla 2004*, bls. 17-18) og árið þar á eftir komu fram tvö mannvirki (27 og 28) í viðbót (*Skýrsla 2005*, bls. 25-26). Ekki var haldið áfram á svæði B árið 2006 þar sem talið var að þar væru ekki fleiri mannvirki að finna (*Skýrsla 2006*, bls. 11).

6.4. Svæði C

Árið 2003 var svæði C opnað með það að augum að geta fengið betri mynd af yngri mannvirkja sem komið höfðu í ljós á svæði A, sérstaklega mannvirki 3 og 5 (*Skýrsla 2003*, bls. 3, 5). Á fyrsta ári vinnu á svæði C var komið niður á traðir (lög 7 og 18) sem lágu fyrir framan bæjarhúsin frá seinni hluta 17. aldar og fram til 1822. Komið var niður á jarðlag (lag 18), austan við mannvirki 15, sem líktist jarðvegi traðanna á svæðum A, B og norðanverðu svæði C (lag 7). Á þessu svæði kom einnig fram hlaðinn garður sem hafði stefnuna NNV–SSA og lá þvert á torflag (mannvirki 1), svo mögulega hefur það mannvirki afmarkað traðirnar frá kálgarði (*Skýrsla 2003*, bls. 7). Sama ár var komið að suðurútvegg mannvirkis 3 (*Skýrsla 2003*, bls. 9). Einnig kom steinhleðsla (mannvirki 15) í ljós grunnt undir grasrótinni. Þrátt fyrir að hleðslan hafi ekki verið eldri en frá miðri 18. öld þá virðist hún hafa verið byggð þegar veggur úr mannvirki 3 var enn sýnilegur þar sem mannvirki 15 var hlaðið ofan á veggjarhleðslu mannvirkis 3 (*Skýrsla 2003*, bls. 15).

Árið 2004 var svæði C stækkað um einn meter til austurs og suðurs sem gerði það að verkum að svæði C varð 50 m² að flatarmáli. Var þetta gert til að tryggja stöðugleika svæðisins og öryggi starfsmanna þar sem snið svæðisins höfðu rofnað og fallið inn á svæðið (*Skýrsla 2004*, bls. 4). Það ár komu í ljós tvær vegghleðslur sem lágu austur–vestur og talið var að tilheyrðu Húsi II (mannvirki 12; *Skýrsla 2004*, bls. 17-18). Næsta ár rannsóknarinnar kom í ljós steinlagt gólf úr Húsi IV (mannvirki 16) allra syðst í reit C. Þetta mannvirki var einnig að finna á svæðum D og E (*Skýrsla 2005*, bls. 19).

Árið 2005 kom lag í ljós undir rústum mannvirkis 17 á svæði C sem vakti nokkra athygli. Lagið (lag 53) var nær eingöngu úr lífrænum leifum, þá sérstaklega birkispreki og var mikinn fjöldi gripa úr við að finna í laginu (*Skýrsla 2005*, bls. 31). Síðasta ár uppgrftarins var haldið áfram að rannsaka þetta mannvistarlag og kom í ljós að lag 54, undir lagi 53, lá yfir mestöllum vestari hluta svæðis C en lag 54 var leifar af útsléttuðu torfi sem blandað var við mannvistarlag. Í því fundust

rúmlega 10% allra gripa rannsóknarinnar og af þeim voru meira en 50 gripir gerðir úr við (*Skýrsla 2006*, bls. 21).

6.5. Svæði D

Árið 2003 var 10 m² svæði D opnað í von um að geta rannsakað mannvirki 5 nánar og ári seinna var það stækkað um 25 m². Var svæði D því í heild 35 m² að flatarmáli. Aðalmarkmið á svæði D var að rannsaka gerð



Mynd 5. Yfirlit yfir svæði D, E og F. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 7.7.2006.

og stærð mannvirkis 5 þar sem afstæð aldursgreining benti til að það væri eldra en mannvirki 3. Var því talið að mannvirki 5 væri frá klausturtíma eða jafnvel hluti klausturhúsanna sjálfra (*Skýrsla 2003*, bls. 12).

Við stækkun á suðurhluta svæðis D árið 2004 kom í ljós steinlagt gólf (mannvirki 16; *Skýrsla 2004*, bls. 16-17). Sama ár kom steinhleðsla í ljós í vestursniði svæðisins sem lá í NNV–SSA og virtist hleðslan vera partur af byggingu sem var af svipaðri gerð og mannvirki 16 (*Skýrsla 2004*, bls. 24). Á mörkum reita D, C og F kom mannvirki 35 í ljós (*Skýrsla 2006*, bls. 22).

6.6. Svæði E

Árið 2004 var 35 m² svæði E opnað sunnan við svæði D (Mynd 3; *Skýrsla 2004*, bls. 4). Þegar svæðið var opnað var komið niður á torf- og steinhleðslu tengdri viðbyggingu við hús III (mannvirki 5; *Skýrsla 2004*, bls. 10). Einnig kom í ljós önnur steinhleðsla með stefnuna NNV–SSA í vestursniði svæðis E (mannvirki 21). Sama ár var grafinn fram garður eða veggur (mannvirki 22) sem hlaðinn hafði verið úr grjóti og torfi. Garðurinn var byggður ofan á suðurvegg mannvirkis 5 og talið er að hann hafi mögulega verið varnargarður til varnar sandfoki (*Skýrsla 2004*, bls. 24-25).

Árið 2005 kom í ljós, á suðurhluta svæðis E, herbergi í mannvirki 5 sem hlaut bókstafinn C (*Skýrsla 2005*, bls. 15). Síðasta sumar rannsóknarinnar á Kirkjubæjarklaustri, árið 2006, kom í ljós mögulegur vefstaður (mannvirki 39) á vesturhluta svæðis D og E (*Skýrsla 2006*, bls. 28). Á svæði E voru 13 mannvirki skráð þau þrjú ár sem þar var grafið.

6.7. Svæði F

Seinasta svæði rannsóknarinnar á Kirkjubæjarklaustri var opnað sumarið 2005. Fékk það heitið svæði F og var 35 m² að stærð. Það var opnað suður af svæði C og austan við svæði D og E. Fyrri sumarið sem grafið var á svæðinu var komið niður á Hús VI (mannvirki 30) sem þakti nánast allt svæðið og inn á svæði D og E (*Skýrsla 2005*, bls. 27-28). Sama ár fannst mannvirki 35 undir mannvirki 5:A á mörkum svæðis F við svæði C og D (*Skýrsla 2006*, bls. 22). Á svæði F voru skráð sex mannvirki þau tvö ár sem þar var grafið.

6.8. Prufuskurður 1

Prufuskurður 1 er annar tveggja prufuskurða sem teknir voru innan gamla kirkjugarðsins árið 2006 með það fyrir augum að koma niður á vegg 15. aldar klaustursins eins og þeir voru þekktir bæði frá uppgrefti og af viðnámsmælingum frá 2002 (*Skýrsla 2006*, bls. 11–12).

Í prufuskurði 1 fundust ekki leifar þessara veggja en í staðinn var komið niður á tvær grafir. Einu líkamsleifarnar sem fundust komu fram í prufuskurði 1 (sjá frekar í kafla 9. Grafir; *Skýrsla 2006*, bls. 34–35).

6.9. Prufuskurður 2

Prufuskurður 2 er seinni tveggja prufuskurða sem teknir voru innan gamla kirkjugarðsins árið 2006 (*Skýrsla 2006*, bls. 11–12). Í honum var komið niður á einar sjö grafir frá mismunandi tímum (sjá frekar kafla 9. Grafir; *Skýrsla 2006*, bls. 34–35). Einnig var komið niður á mannvirki 40 – Garður / Veggur en sá veggur hefur verið hluti klaustursins (*Skýrsla 2006*, bls. 28–31).

7. Lýsing mannvirkja

Frá árunum 2002 til 2006 voru 44 mannvirki skráð á Kirkjubæjarklaustri. Á fyrsta ári uppgrafterins voru 13 mannvirki skráð. Árið 2003 voru tvö mannvirki skráð, 2004 voru átta mannvirki skráð og árið 2005 voru 13 skráð. Seinasta ár uppgrafterins, árið 2006, voru átta mannvirki skráð á Kirkjubæjarklaustri. Í þessum kafla verður fjallað nánar um öll þessi mannvirki.

Mannvirki 1 – Garður / torfveggur

Fyrsta sumar uppgraftarins á Kirkjubæjarklaustri árið 2002 kom í ljós garður eða torfveggur, skráð sem mannvirki 1, sem snéri norðaustur–suðvestur á sunnanverðu svæði A, en garðurinn var einnig sýnilegur í efstu jarðlögum á svæði D (Mynd 6; *Skýrsla 2003*, bls. 6-7). Garðurinn var um það bil 1,25 m breiður efst en mjókkaði því sem neðar dró. Mannvirki 1 var hlaðið úr torfi og mold og hafa torfhnausar verið lagðir við ytra borðið og fyllt með mold á milli (lag 12). Greinilegt var að garðurinn hafði verið



Mynd 6. Mannvirki 1 – Garður / torfveggur í horni svæðis A. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 10.6.2002.

endurbyggður margsinnis. Hafði hann breikkað frá yngri skeiðum, einnig hafði hann verið færður örlítið meira til norðurs við endurbygginguna. Líklegast þykir að torfið hafi verið sótt úr mýri, eflaust skammt frá garðinum þar sem mikinn mýrarauða var að finna í torfinu (*Skýrsla 2002*, bls. 6-7).

Mannvirki 1 á aðeins við um efsta hluta garðsins þar sem hann hefur verið byggður ofan á útveggi mannvirkis 3 og 5 og tengist það mannvirki 2 þar sem garðurinn afmarkaði það til suðurs. Mannvirki 15, garður hlaðinn grjóti og torfi, lá yfir mannvirki 1 á svæði D (*Skýrsla 2003*, bls. 6-7). Samkvæmt jarðlagafræði og innbyrðis aldursgreiningu er talið að garðurinn hafi upphaflega verið byggður á fyrri hluta 17. aldar og hefur hann staðið þar til búseta var lögð niður árið 1822 (*Skýrsla 2002*, bls. 7).

Mannvirki 2 – Traðir

Komið var niður á traðir árið 2002 og voru þær skráðar sem mannvirki 2 (Mynd 7). Traðirnar lágu frá austri til vesturs á svæði A, en þær var einnig að finna á svæðum B og C. Traðirnar voru fylltar með miklum fjölda jarðlaga, til að mynda gjóskulögum og mannvistarlögum á víxl, ásamt tveimur þykkum öskulögum. Einnig var að finna spýjur með viðarkolum og ösku sem eflaust hefur verið útkast úr stó (*Skýrsla 2002*, bls. 7).

Á svæði C kom í ljós garður sem hafði stefnuna NNV–SSA sem lá þvert á mannvirki 1 og hefur sá garður mögulega afmarkað traðirnar frá kálgarði sem var sunnan við bæjarhúsin. Traðirnar hafa legið fyrir framan bæjarhús Kirkjubæjarklausturs á árnýöld og árið 2003 fannst stétt í tröðunum, nyrst á svæði B. Þessi stétt hefur verið upp við bæjarhúsin frá seinni hluta 17. aldar og fram til 1822 þegar bærinn var yfirgefinn. Í tröðunum á svæði A var að finna hófför sem varðveist höfðu en slík sáust ekki á svæðum B og C (*Skýrsla 2003*, bls. 7).



Mynd 7. Mannvirki 2 – Traðir má sjá sem dökkt lag til vinstri. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 4.6.2002.

Mannvirki 3 – Hús I

Fyrsta sumar rannsóknarinnar var á svæði A komið niður á rústir byggingar sem var einskonar langhús með miklum torf- og grjóthlöðnum útveggjum frá lokum 16. aldar með yngri byggingaskeið frá fyrri hluta 17. aldar. Fékk sú bygging mannvirkjanúmerið 3 (Mynd 8). Mannvirki 3 var einnig að finna á svæðum B og C. Hornrétt á suður útvegg mannvirkis 3 voru þrír hlaðnir milliveggir og viðarþil sem skiptu byggingunni upp í smærri rými sem gefin voru bókstafir auk númersins, þ.e.a.s. 3:A–D (Mynd 9). Gólf í húsinu voru bæði mjög vel þjappað moldargólf og annað hellulagt (*Skýrsla 2003*, bls. 7-8, *Skýrsla 2004*, bls. 6). Hægt var að aðgreina tvö byggingarstig mannvirkis 3. Í eldra byggingarstigi þess var engin herbergjaskipting til staðar, þó ekki sé hægt að útiloka að hlaðinn milliveggur hafi verið á milli rýma mannvirkis 3:B og 3:C, en við yngri byggingarstigið var langrýminu skipt upp í smærri rými (*Skýrsla 2004*, bls. 6). Erfitt hefur verið að segja með vissu um lengd hússins þar sem austasta hluta þess hafði verið raskað, en húsið hefur verið um 3,70 metrar á breidd.

Árið 2002 og 2003 var nánast búið að full grafa mannvirki 3, aðeins átti eftir að ljúka við að grafa á vestur hluta svæðis A og á svæði B og var það gert árið 2004 (*Skýrsla 2004*, bls. 6). Hér fyrir neðan verður farið yfir hvert rými sem skráð var í mannvirki 3 fyrir sig.



Mynd 8. Mannvirki 3 – Hús I. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 26.6.2002.

Mannvirki 3:A

Rými 3:A var staðsett í norðaustur horni svæðis A. Við snið svæðis A var að finna hlaðinn millivegg rýma 3:A og 3:B. Milliveggurinn hefur verið frá yngsta byggingarskeiði hússins þar sem hleðslan stóð á yngsta gólflagi rýmis 3:B. Ekki var hægt að segja með vissu hvort um eiginlegt herbergi væri að ræða þar sem hvorki gólflög né gripir fundust í því. Þó er hægt að færa rök fyrir því að um herbergi sé að ræða þar sem rými 3:A og 3:B sameinuðust því neðar sem var farið (2002, bls. 9).

Mannvirki 3:B

Rými 3:B var aðskilið frá 3:C með hlöðnum vegg frá elsta byggingarskeiði mannvirkis 3 þar sem hann náði niður í elsta gólflag mannvirkisins. Talið er að þessi milliveggur hafi verið í notkun í gegnum öll byggingarskeið mannvirkis 3 þar sem hann hefur verið látinn standa þegar notkun



Mynd 9. Teikning af Mannvirki 3 – Hús I, með rýmin merkt og útlínur uppgraftarsvæða. Einnig má sjá mannvirki 4 – Hleðsla, 6 – Ræsi I, 8 – Ræsi III, 9 – Ræsi IV og 11 – Steinþró á teikningunni.

vestari hluta mannvirkisins leið undir lok. Rými 3:B hefur verið skipt niður í litlar einingar með miklum hleðslum sem geta verið túlkaðar sem einhverskonar innréttingar eða mögulega hluti hlóða, þó svo að engin viðarkol, sót eða aska hafi fundist við þessar mögulegu hlóðir (*Skýrsla 2002*, bls 9).

Efsta mannvistarlagið í rými 3:B var þykkt, dökkt lag (lag 9) sem innihélt mikið magn af ösku, brenndum beinum og viðarkolum sem getur bent til þess að eldstæði eða ofn hafi verið þar nálægt. Í lagi 9 fundust þó nokkrir gripir, til að mynda járnborði sem eflaust er af trélláti, brýni, klumpur úr blýi sem túlkað var sem vöruinnsigli, dýratennur, öngull og ein perla úr svartarafi. Þessir gripir hafa verið túlkaðir sem vísbendingar til þess að að rými 3:B hafi verið notað sem búr (*Skýrsla 2002*, bls. 9).

Undir lagi 9 var lag 16, gólflag sem var eldra en milliveggurinn á milli rýma 3:A og 3:B. Á þessu lagi var hleðsla sem skipti rýminu upp í tvo hluta, nyrðri og syðri. Talið er að þessi hleðsla hafi mögulega fyllt upp í dyr á milli þessa tveggja rýma (*Skýrsla 2002*, bls. 10).

Mannvirki 3:C

Þetta rými virðist ekki hafa tilheyrt upprunalegu útfærslu hússins. Það var ekki fyrr en á síðasta byggingaskeiði mannvirkis 3 að reistur var þilveggur sem skildi að rými 3:C og 3:D. Seinna hefur þessu þili verið skipt út fyrir steinhlaðinn vegg.

Syðst á millivegg rýma 3:C og 3:D voru dyr sem hafa staðið óbreyttar á milli byggingarstiga. Áður en rýminu var skipt niður hefur ræsi (mannvirki 7) legið í gegnum svæðið. Ekki var hægt að segja fyrir víst hver nýtingin á rýminu var (*Skýrsla 2002*, bls. 10).

Mannvirki 3:D

Þetta rými var það stærsta í mannvirki 3 og hefur það eflaust verið enn stærra, en ekki var hægt að sjá heildarstærð rýmisins því vestari mörkum þess hefur verið raskað. Kenning lá fyrir um að einhverskonar iðnaður átti sér stað í herberginu vegna allra þeirra ræsa sem þar var að finna. Í rýminu voru skráð mannvirki 6, 8, 9, 10 og 11 og yfir öllum þeim mannvirkjum sem tilheyrðu rými 3:D lá þakhrun (lag 14). Undir því var yngra gólflag (lag 15) og í því var að finna ræsi (mannvirki 6) ásamt stéttum og millivegg sem aðskildi herbergi rými 3:C og 3:D. Í eldra gólflaginu (lag 17) voru tvö ræsi (mannvirki 8 og 9) ásamt steinþró (mannvirki 11) og tunnu (mannvirki 10). Einnig hafa þeir gripir sem fundust í þessu rými styrkt þá kenningu að þar hafi farið fram einhverskonar iðnaður; til að mynda fundust þar fjögur brot úr steinsleggjum (*Skýrsla 2002*, bls. 11).

Dreifing funda í rými 3:D var notuð til þess að aldursgreina mannvirki 3 sem bendir til þess að lag 17 sé frá upphafi 17. aldar og lag 15 frá mið- eða seinni hluta 17. aldar þar sem að í því fundust krítarpípubrot. Talið er að húsið hafi verið byggt mjög snemma á 17. öld og yfirgefið um þá miðja öld (*Skýrsla 2002*, bls. 11).

Mannvirki 4 – Hleðsla

Mannvirki 4 var kassalöguð hleðsla sem var opin til vestur (Mynd 10). Hún stóð á lagi 15



Mynd 10. Mannvirki 4 – Hleðsla. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 20.6.2002.

sem var yngra gólfagið í rými 3:D. Ekki var hægt að finna út hlutverk hleðslunnar en tilgátur voru um að hún hafi verið undirstaða undir eitthvað. Mögulega var mannvirki 4 byggt eftir að mannvirki 3 var fallið þar sem torfhrun lá yfir öllu mannvirki 3 en ekki yfir mannvirki 4. Gæti því verið að mannvirki 4 tengist ekki mannvirki 3 (*Skýrsla 2002*, bls. 12).

Mannvirki 5 – Hús III

Grafið var í mannvirki 5 öll ár uppgrafterins en þar voru rústir 15. aldar klausturhúsa (Mynd 11). Þegar byggingin fannst sumarið 2002 var talið að mannvirki 5 væri aðeins lítið húshorn í suðausturhluta svæðis A, en seinna kom í ljós að það var mun stærra og eldra en mannvirki 3. Mannvirki 5 var skipt upp í rými 5:A–D en árið 2005 kom í ljós að rými 5:C var í raun yngri bygging sem hlaðin var ofan á tóftir mannvirkis 5 og fékk því heitið mannvirki 33. Sama ár var öðru rými þó gefið númerið 5:C (Mynd 12; *Skýrsla 2005*, bls. 13).

Ekki tókst að grafa mannvirki 5 upp til fullnustu fyrir lok síðasta uppgraftartímabilsins árið 2006, en þó fengust ýmsar upplýsingar um það. Hefur mannvirki 5 myndað norðausturhorn stærri byggingar eða húsabyrpingar sem liggja til suðvesturs frá mannvirki 5, inn í gamla kirkjugarðinn. Tvö byggingarstig mannvirkis 5 voru greind en þau hafa mögulega verið fleiri. Talið er að rými 5:A séu viðbyggingar frá yngri tíma. Í rými mannvirkis 5/2 hefur sennilega staðið vefstaður á klausturtíma. Lítið fannst af gripum í mannvirki 34, rýmum 5:A og 5:C og voru gólfögin einnig lítilfjörleg (*Skýrsla 2006*, bls. 16). Hér fyrir neðan verður fjallað um hvert rými fyrir sig.

Mannvirki 5:A

Mannvirki 5:A er rými í norðausturhorni klaustursins frá 15. öld. Það var 2,90 metrar á breidd að innanmáli en erfitt er að segja hversu langt herbergið var vegna seinni tíma röskunar. Þó er hægt að áætla að rýmið hafi verið rúmlega 5,5 metrar að lengd þar sem hægt var að greina óljós ummerki suðvestur- og suðausturhorna herbergisins í torfvegg til austurs og milliveggs úr torfi sem aðskildi rými 5:A og 5:B. Grjóthlaðnir innri veggir voru varðveittir í vestur- og norðvestur hluta herbergisins en slétt hefur verið úr eystri hluta þess (*Skýrsla 2005*, bls. 14).

Aðeins einn gripur fannst í rými 5:A og var það brýni úr flögubergi (f.nr. 2007-44-163). Brýnið fannst í öðru af tveimur örþunnum gólfögum sem komu í ljós við fyrsta sumar



Mynd 11. Mannvirki 5 – Hús III fyrir miðri mynd. Myndina tók Kristján Mímisson, 4.7.2005.

uppgrافتarins. Árið 2005 lauk uppgræfti á rými 5:A en það hafði þá verið grafið upp að fullnustu (Skýrsla 2005, bls. 14).

Mannvirki 5:B

Á svæði D kom í ljós mannvirki 5:B, rými í mannvirki 5 sem var VSV af mannvirki 5:A. Innanmál þess var 2,3 x 3,4 metrar. Á milli 5:A og 5:B var þykkur torfveggur sem og á milli 5:B og 5:C, en milliveggurinn sem aðskildi 5:B og 5:D var steinhlaðinn. Á þeim vegg voru dyr milli rýmanna. Á millivegg 5:A og 5:B var að finna aðrar dyr sem mögulega eru frá eldra byggingarskeiði hússins. Á einhverjum tímapunkti hefur verið hlaðið upp í dyrnar með torfi en hægt var að sjá mun á torfi í hleðslu. Einnig voru uppi hugmyndir um að þessar dyr hafi verið göng, en dyrnar benda til að 3:B hafi verið nýtt lengur en 5:A (Skýrsla 2005, bls. 14).



Mynd 12. Teikning af Mannvirki 5 - Húsi III með merkt rými og útlínur uppgriftarsvæða. Leifar vefstóls (M39) eru merktar í brúnu í rými M5:B. Einnig eru merkt inn mannvirki 35 – Meintur kampur og 36 – Steingólf – herbergi.

Mannvirki 5:C

Líkt og fram kemur hér að ofan fékk það rými sem upprunalega var kallað 5:C nýtt númer, mannvirki 33, þegar það kom í ljós að um yngra mannvirki var að ræða. Árið 2005 var öðru rými í mannvirki 5 svo gefið númerið 5:C og er það sem hér um ræðir. Í norðausturhorni rýmisins hafa innri steinhleðslur varðveist. Árið 2005 var ekki enn komið niður á gólflag í þessu rými því aðeins

hluti þess var grafinn upp það sumar. Sama ár kom fram torflag sem var yngra en rými 5:C með skýrum hnausum í suðausturhluta rýmisins og með greinilegri gjósku úr Ö-1362 (*Skýrsla 2005*, bls. 15).

Mannvirki 5:D

Mannvirki 5:D var vestan við 5:B en þau voru aðskilin með grjóthlöðnum vegg. Dyr var að finna á þessum vegg. Ekki er vitað með vissu um breidd rýmisins vegna slæmrar varðveislu en innri lengd þess var 3,4 metrar. Varðveisla rýmisins var slæm þar sem mannvirki 33 var byggt ofan á rýmið og hefur raskað því. Einnig er talið að möguleiki sé á því að grjót úr veggjum herbergisins hafi verið notað í byggingu mannvirkis 33 (*Skýrsla 2005*, bls. 15).

Mannvirki 5/2

Mannvirki 5/2 liggur undir 5:B og 5:D. Talið er að mannvirkinu hafi verið skipt niður í tvö rými með skilvegg sem hefur legið á sama stað og grjóthlaðinn veggur milli rýma 5:B og 5:D á yngra byggingaskeiði hússins. Er talið að mannvirki 38, sem var steinflötur í mannvirki 5/2, hafi verið undirlag fyrir skilvegginn. Gólfíð í mannvirki 5/2 einkenndist af þykku, hörðu og svörtu moldargólfi (lag 65) sem lá undir gólfhæð rýmis 5:B. Í gólfinu fannst mikið magn gripa, en tæplega 40% af þeim gripum sem fundust sumarið 2006 fundust í þessu lagi. Voru þar, meðal annars, tveir lásar (f.nr. 2007-44-864 og f.nr. 2007-44-897), illa farið brot úr steindum glugga (f.nr. 2007-44-880) og barmbrot úr steinleirskönnu frá 14. eða 15. öld (f.nr. 2007-44-865). Talið er að þetta mannvirki hafi verið vefstofa klaustursins vegna þeirra mannvirkja sem fundust innan þess. Voru það mannvirki 37 (tunna III), 39 (meintur vefstaður), 41 (ræsi), 42 (tunna IV) og 43 (sáfar) sem voru öll grafin ofan í lag 65 (*Skýrsla 2006*, bls. 14).

Mannvirki 6 – Ræsi I

Í rými 3:D var að finna grunnt ræsi undir hellulagðri stétt sem lá 3,5 metra í boga til suðurs. Ræsið var grafið í gegnum lag 15 sem var yngra gólfagið í mannvirki 3. Ræsið var yngst allra ræsa sem fundust í því mannvirki og tilheyrði það því byggingarstigi þegar mannvirki 3 var skipt niður í minni rými, en það hefur verið gert snemma á 17. öld (*Skýrsla 2002*, bls. 14). Ræsið liggur í þá stefnu þar sem dyr hafa verið í suðurvegg mannvirkis 3. Ekki var hægt að finna neinar leifar

fóðrunar í ræsinu en mögulega getur það hafa verið fóðrað með lífrænu efni, svo sem við, berki eða skinni sem hefur ekki varðveist. Fokmold hafði safnast í ræsið eftir að notkun þess lauk og í því fannst rauðleitt efni sem lá undir allri stéttinni og var það eflaust vatnsborið (*Skýrsla 2002*, bls. 13).

Yfir ræsinu lá önnur stétt upp við þilvegg á milli rýma 3:C og 3:D og virðist ræsið hafa átt upptök sín undir stéttinni. Hefur það mögulega verið notað til þess að leiða vatn út úr húsinu. Ekki var þó hægt að rannsaka enda ræsisins þar sem það var í þeim hluta mannvirkis 3 sem hafði verið raskað (*Skýrsla 2002*, bls. 14).

Mannvirki 7 – Ræsi II

Árið 2002 fannst mannvirki 7 í gólfi mannvirkis 3 á svæði A. Mannvirki 7 var ræsi sem var steinlagt með stórum hellum. Nyrðri hluti mannvirkis 7 lá NNA–SSV en vegna þess að bogi var á ræsinu þá lá syðri hluti þess í norðaustur–suðvestur. Mannvirki 7 var grafið ofan í moldargólf (lag 17) sem tilheyrði elsta byggingaskeiði mannvirkis 3. Nyrst í ræsinu voru leifar af viði en að öðru leyti voru engar leifar af við eða berki greinanlegar í ræsinu. Viðarleifarnar voru mögulega hluti stokks sem hefur leitt vatn frá upptökum ræsisins í miðju húsinu og út í gegnum vegginn þar sem talið er að ræsið hafi náð undir norður útvegg mannvirkis 3 (*Skýrsla 2004*, bls. 12-13).

Mannvirki 8 – Ræsi III

Mannvirki 8 var þriðja ræsið sem kom í ljós árið 2002. Upptök ræsisins var á svæði B í gólflagi 17 sem tilheyrir eldra byggingarstigi mannvirkis 3. Þaðan lá það í VSV stefnu og fór inn í vestursnið svæðis A. Ræsið var fóðrað að mestu með steinum og hellum sem mynduðu hliðar ræsisins og hefur því verið lokað með hellum. Í vestasta hluta þess hefur ræsið verið klætt með viði og berki (*Skýrsla 2004*, bls. 13-14).

Mannvirki 8 tilheyrir eldra byggingarstigi mannvirkis 3 en er þó yngra en mannvirki 9 (ræsi IV) og mannvirki 10 (tunna) þar sem hægt var að sjá hvernig steinar úr mannvirki 9 voru nýttir við byggingu á mannvirki 8 og það hefur sigið ofan í fyllingu tunnunnar. Ræsið hefur verið lagt ofan í mannvirki 14:B (sjá mannvirki 14) sem er hluti af mannvirki 5. Sést það vel við upptök ræsisins þar sem hellusteinarnar hafa verið lagðir ofan í mannvirki 14:B og grjót úr mannvirki 14:B verið nýtt við byggingu ræsisins (*Skýrsla 2004*, bls. 13-14).



Mynd 13. Mannvirki 10 – Tunna. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 11.7.2002.

Mannvirki 9 – Ræsi IV

Mannvirki 9 var ræsi sem lá í miklum boga. Var það opið til vesturs úr steinþró (mannvirki 11) yfir í tunnu (mannvirki 10). Ræsið var vandaðra en önnur ræsi, klætt steinhellum sem stóðu uppréttar við barma ræsisins. Engin klæðning fannst þar sem steinþróin (mannvirki 11) var, hvort sá hluti var klæddur með einhverju lífrænu efni er erfitt að segja. Ekki fundust neinar

steinhellur sem lokuðu ræsinu svo óvíst er hvort um lokræsi sé að ræða eða hvort notast var við timburfjalir til að loka ræsinu. Tekið var sýni (Sýni nr. 8) úr jarðveginum í ræsinu til að reyna að skera úr um notkun þess (*Skýrsla 2002*, bls. 15). Þetta sýni hefur verið greint af skordýrafræðing en því miður reyndust engar leifar skordýra að finna í því (sjá Viðauka 1).

Mannvirki 9 virðist vera eldra en mannvirki 8 þar sem það var grafið í gegnum eldra gólfíð (lag 17) í mannvirki 3 og það raskar steingólfi mannvirkis 12. Það var einnig fyllt með nokkuð þéttum jarðveg, ólíkt öðrum ræsum sem grafin voru (*Skýrsla 2002*, bls. 15).

Mannvirki 10 – Tunna

Mannvirki 10 var tiltölulega heil laggartunna úr viði með nokkrum greinilegum löggum, útskornu þrepi fyrir festingar, í stöfum (Mynd 13). Tunnan var um það bil 50 cm í þvermál og dýpt hennar var um 60 cm. Ræsi (mannvirki 9) lá frá steinþró (mannvirki 11) að tunnunni. Tunnan var girt með trágreinum og notast var við trétappa og einn járntappa til að halda stöfunum saman sem höfðu verið látnir skarast. Heyi hafði verið troðið á milli holunnar og tunnurnar að utan (*Skýrsla 2002*, bls. 16).

Tveir stafir höfðu verið teknir úr tunnunni og mjókkaðir svo að bil myndaðist þar sem ræsið (mannvirki 9) féll inn í tunnuna. Er því líklegast að vökvi hafi runnið úr ræsinu yfir í tunnuna. Gæti það hafa verið einhver mjólkurafurð eða vatn frá ullarþvotti, ullarlitun eða sútun. Dökkbrún mold og smásteinar fylltu tunnuna og var sýni (nr. 11) tekið úr botni hennar. Holan sem tunnan

var sett í var grafin í gegnum eldra gólflag (lag 17) mannvirkis 3 og alveg ofan í óhreyfða mold (*Skýrsla 2002*, bls. 16).

Mannvirki 11 – Steinþró

Í yngra gólflagi mannvirkis 3 (lag 15) kom í ljós steinþró. Frá henni lá ræsi (mannvirki 9) í boga til norðurs og vesturs og lá það í tunnu I (mannvirki 10). Tekið var jarðsýni (nr. 6) úr steinþrónni. Talið er að hún hafi verið notuð í þeirri iðnaðarframleiðslu sem fór fram í mannvirki 3:D og líklegast er að vökvi úr henni hafi runnið eftir ræsinu (mannvirki 9) og yfir í tunnuna (mannvirki 10). Þrátt fyrir að hætt hafi verið að nota ræsið (mannvirki 9) þá virðist steinþróin enn hafa verið í einhverri notkun þar sem hún náði upp úr lagi 15. Á því byggingarstigi lá lítil stétt þétt að steinþrónni (*Skýrsla 2002*, bls. 17).


Mannvirki 12 – Hús II

Mannvirki 12 lá undir mannvirki 3, en bygginging hafði verið jöfnuð við jörðu þegar mannvirki 3 var byggt í lok 16. aldar. Því var ekki búist við því að finna nokkra veggj sem tilheyrðu þessu mannvirki en rústir þess hafa eflaust verið endurnýttar við byggingu á mannvirki 3. Einu leifarnar sem varðveittust af mannvirki 12 var steinlagt gólf sem fannst á svæði A og dyrahella. Undir steingólfinu var að finna annað mannvistarlag með miklum fjölda af pinnaholum sem túlkað var sem gólflag (lag 20). Pinnaholunar voru þó utan í hleðslu sem eru taldar vera hluti af ræsi 8 en gætu samt hafa tilheyrt mannvirki 12 sem hleðsla undir þilvegg (*Skýrsla 2003*, bls 12).

Tilgátur voru um að gangur hafi leitt inn um dyrnar í herbergið og að þilveggur úr viði hafi aðgreint ganginn frá herberginu. Gólfhleðslurnar norðvestan við dyrahelluna virðast vera innan við dyrnar. Þar voru hleðslurnar úr stærri steinum en suðaustan við dyrahelluna voru steinarnir minni og virðast hleðslurnar þar hafa verið utan dyranna. Einnig fundust engar viðarleifar innan dyranna heldur aðeins fyrir utan (*Skýrsla 2003*, bls. 12).

Mannvirki 13 – Veggur / garður

Undan mannvirki 1 kom í ljós mannvirki 13 sem var lítið veggjarbrot. Veggurinn eða garðurinn er talinn hluti af mannvirki 3 eða 12, mögulega hvort tveggja. Er um að ræða mörg byggingarstig



Mynd 14. Teikning sem sýnir afstöðu ýmissa mannvirkja innan uppgriftarsvæðisins. Ekki sýnd eru mannvirki sem sjá má á öðrum teikningum (sjá myndir 7 og 10). Einnig eru ekki sýnd mannvirki 1, 2 og 12 sem öll liggja ofan á mannvirkjum á svæðum A, B og C og mannvirki 34 sem liggur að hluta undir mannvirki 17, 14:A og 5 (mynd 10).

torfveggja eða -garða sem voru að lokum flattir út á 17. öld áður en mannvirki 1 var byggt ofan á mannvirki 13 á 18. – 19. öld (*Skýrsla 2004*, bls. 15).

Mannvirki 14 – Undirstaða fyrir þilvegg

Árið 2003 kom í ljós tvær samsíða steinaraðir sem túlkaðar voru sem undirstaða undir þilvegg. Var þeim gefið sameiginlega númerið 14 en syðri steinaröðin var skráð sem mannvirki 14:A og sú nyrðri sem mannvirki 14:B. Á svæði B liggur mannvirki 14:B óraskað til suðvesturs en ekki fjarri þessari steinaröð lá slitrótt röð steina sem mögulega tengist þessu mannvirki. Við mannvirki 14:B og sunnan megin við það var röð af pinnaholum ásamt pinnum sem stóðu undir þilinu. Mannvirki 8 (Ræsi III) var grafið ofan í mannvirki 14:B (*Skýrsla 2004*, bls. 16).

Ekki er vitað fyrir víst hvaða húsi mannvirki 14 hefur tilheyrt. Tilgátur voru um að mannvirkið hafi hugsanlega tilheyrt mannvirki 12 og tilgangur steinaraðanna að láta loftrými myndast á milli torfveggja og þilsins, þar sem mikið af viðarleifum, svo sem stoð, bretti og þil, varðveittust á sama svæði og mannvirki 14 var best varðveitt (*Skýrsla 2003*, bls. 15). Þegar mannvirki 34 var grafið upp 2005 kom í ljós að mannvirki 14:B hefur tilheyrt því og er líklegt að mannvirki 14:A hafi einnig tilheyrt því (sjá frekar Mannvirki 34; *Skýrsla 2005*, bls. 32).

Mannvirki 15 – Hleðsla / garður

Grunnt undir yfirborði kom mannvirki 15 í ljós, grjóthleðsla eða -garður frá 18. öld sem lá hornrétt á mannvirki 1. Hleðslan í mannvirki 15 hefur ekki verið eins vönduð og eldri steinhleðslur og aðeins voru notaðir smáir steinar við hleðsluna, en þeir voru hvergi hærri en 50 cm háir. Mannvirki 15 hefur verið hlaðið beint ofan á mannvirki 3 svo hægt er að álykta að mannvirki 3 hafi verið sýnilegt þegar mannvirki 15 var hlaðið, þó er garðurinn ekki eldri en frá miðri 18. öld. Talið er að hleðslan hafi verið hlaðin utan í mannvirki 1 og fylgt mannvirki 2 (*Skýrsla 2003*, bls. 15).

Mannvirki 16 – Steinlagt gólf / hús III

Sumarið 2004 var komið niður að steinlögðu gólfi undir yfirborðslagi og foksandi á svæðum D, E og syðst á svæði C. Einnig komu fram leifar af þessu gólfi við norðvesturhorn svæðis F ári seinna. Talið er að mannvirki 16 hafi verið steinlagt gólf úr húsi sem stóð eftir Skaftárelda (*Skýrsla 2005*, bls. 19). Flatarmál gólfsins var líklega rúmlega 23 fermetrar og myndaði það ferhyrndan flöt með

stefnuna suðvestur–norðaustur, en gólfíð hvarf þó inn í austursnið svæðis D (*Skýrsla 2004*, bls. 16).

Mannvirkinu hafði verið raskað þó nokkuð, til að mynda hafði öskuhola verið grafin í suðvesturhluta gólfsins á svæði E og þar með raskað mögulegri tengingu við mannvirki 22 (*Skýrsla 2004*, bls. 26). Talið er að árið 2005 hafi dyrnar á þessari byggingu fundist þar sem steinn lá þvert á milli tveggja steina sem gætu mögulega hafa verið stoðarsteinar og þrepskjöldur. Einnig var að finna aðrar dyr sem lágu sunnar (mannvirki 25) og talið er að þær hafi verið hluti af mannvirki 16. Ein túlkunin er sú að mannvirki 16 hafi verið minnkað og því hefur hurðin verið færð norðar (*Skýrsla 2005*, bls. 19).

Mannvirki 17 – Meint göng

Á svæði C komu í ljós tvær vegghleðslur sem lágu austur–vestur. Tilgáta var um að þessar vegghleðslur mynduðu göng sem tilheyrðu mannvirki 12 þar sem hleðslurnar náðu niður fyrir gólfhlög í mannvirki 3. Rýmið á milli hleðslanna í austurhluta meintra ganga var 50 til 70 cm breitt en í vesturendanum var bilið minna eða 30 til 40 cm breitt (Mynd 15; *Skýrsla 2004*, bls. 17-18). Talið er að vesturenda ganganna hafi verið breytt á einhverjum tímapunkti og suðurveggurinn rifinn eða færður til norðurs.



Mynd 15. Gólf í mannvirki 17 – meint göng. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 11.6.2004.

Norðan við austurenda ganganna voru steinar og innan um þá var að finna um það bil tveggja metra langan viðarbita ásamt öðrum viðarbrotum, sem talið er að hafi tilheyrt sama stykkinu. Viðarbitinn lá þétt á milli tveggja steinaraða og líklega voru þessir steinar hrun úr efri hluta norðurveggja ganganna og því hefur viðarbitinn verið hluti af þaki þeirra (*Skýrsla 2004*, bls. 18).

Vesturhluta mannvirkis 17 var raskað af mannvirki 7. Auk þess hafði verið grafin hola í austarihluta ganganna sem virðist hafa verið ruslahola þar sem mikið magn af vel varðveittum beinum og við fannst í henni. Í holunni fannst líka reikningspeningur (f.nr. 2007-44-563) og brot úr steindum glugga (f.nr. 2007-44-466) fannst í lagi 29 sem er samtíða göngunum. Út frá þessum

gripum er hægt að áætla að aldur ganganna sé frá því snemma á 16. öld, mögulega fyrir 1500 (*Skýrsla 2004*, bls. 18).

Mannvirki 18 – Ræsi V

Við uppgröftinn árið 2004 kom í ljós gólfhleðsla úr hellum í mannvirki 3 í suðvestur-hluta svæðis A. Undir gólfhellunum var komið niður á holrými sem túlkað var sem mögulegt ræsi en það skar yngra gólf lagið (lag 15). Mannvirki 18 svipar mjög til mannvirkja 6 og 7. Mannvirki 18 hefur ekki verið klætt með steinhellum en mögulega hefur það verið klætt með lífrænum efnum, svo sem berki eða við að innan sem hefur ekki varðveist og ræsinu svo lokað með gólfhellum (*Skýrsla 2004*, bls. 19).

Mannvirki 19 – Steinkassi

Mannvirki 19 kom í ljós undir steingólfi mannvirkis 12 og myndaði einhverskonar kassa eða þró sem líktist mannvirki 11 (steinþró). Til norðurs var mannvirki 19 lokað með einum steini en til vesturs var því lokað með þremur steinum. Talið er að mannvirki 19 hafi tilheyrt stærra mannvirki frá fyrsta byggingarstigi mannvirkis 12 þar sem það lá neðst í uppsöfnun hleðslna í mannvirkjum 3 og 12 á austurhluta svæðis A. Einnig er mögulegt að steinarnir hafi verið utan um mannvirki sem hafði verið fjarlæggt að mestu (*Skýrsla 2004*, bls. 20).

Mannvirki 20 – Tunna II

Mannvirki 20 var tunna sem kom í ljós undir mannvirki 10 (tunna I) og mannvirki 8 (ræsi III). Tunnan var í holu sem var um 70 cm í þvermál á meðan þvermál hennar var aðeins um 45 cm. Holan var fyllt með ösku í kringum tunnuna og mögulega hefur askan haft þann tilgang að einangra hana (*Skýrsla 2004*, bls. 21).

Leifar af átta tunnustöfum fundust og hægt var að greina lögg, þ.e. þrep þar sem tunnubotnin hefur verið festur, í best varðveittu tunnustöfunum. Undir tunnustöfunum var hellugrjót og undir botninum voru þykkir viðarbitar sem virðast hafa stillt tunnuna af í holunni en tunnan sjálf virðist ekki hafa haft eiginlegan botn (*Skýrsla 2004*, bls. 22).

Mannvirki 21 – Hús V

Í vestursniði svæða D og E kom í ljós steinhleðsla með stefnu NNV–SSA. Sunnan við hleðsluna kom í ljós steinlögn í sniðinu sem líktist allra helst gólfinu í mannvirki 16. Talið er að mannvirki 21 hafi verið uppistandandi í kringum 1780 þar sem sand og gjóskulag sem líklegast var frá Skaftáreldum lá beint ofan á steingólfinu (*Skýrsla 2004*, bls. 24).

Mannvirki 22 – Garður / veggur

Á svæði E kom fram garður eða veggur sem lá í suðvestur-norðaustur. Líklega hefur vesturendi mannvirkis 22 verið tengdur við mannvirki 16 en, líkt og kemur fram í lýsingum mannvirkis 16, hafði öskuhola (lag 34) raskaði þeim hluta mannvirkja 16 og 22 og því var ekki hægt að staðfesta tenginguna (*Skýrsla 2002*, bls. 25). Garðurinn var hlaðinn úr grjóti sunnan megin með óljósum torfhleðslum. Þar sem garðurinn lá í halla var hann hærri austan megin en vestan megin. Tilgátur voru uppi um að mannvirki 22 hafi í raun verið a.m.k. tvö mismunandi mannvirki frá ólíkum tímum en hleðslan sem lá efst í mannvirki 22 lá örlítið sunnar en neðri hleðslurnar (*Skýrsla 2004*, bls. 24). Mögulega var garðurinn ætlaður sem sandvarnargarður þar sem hann lá á landi í miklum halla sem hefði valdið því að þar myndi safnast upp mikill sandur (*Skýrsla 2004*, bls. 25).

Mannvirki 23 – Sáfar

Á svæði A kom fram hringlaga mannvirki undir eldra gólflaginu í mannvirki 3 (lag 17). Talið er líklegast að mannvirki 23 hafi verið sáfar vegna stærðar hennar og lögunar, en sáför eru oftast víðari við botninn og þau eru oft klædd sandi að innan til að hindra snertingu viðarins við jarðveginn (Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 67). Mannvirkið var um það bil 1,40 m í þvermál en syðri hluti þess var þó lítillega raskaður af mannvirki 14:A. Fylling sáfarsins var lagskipt og var holan um það bil 50 cm djúp með flötum botni sem víkkaði lítillega til botnsins (Mynd 16). Mannvirki 23 sker í gegnum lag 44 og liggur það undir gólflagi 47 sem fyllir efsta hluta þess og sem



Mynd 16. Mannvirki 23 – Sáfar. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 9.7.2004.

talið er tilheyrta óþekktu mannvirki eldra en mannvirki 12. Undir lagi 47 voru síðan tvö lög af sandi sem fylltu holuna að innan (*Skýrsla 2004*, bls. 25-26).

Mannvirki 24 – Skjóla

Árið 2005 var komið niður á heila fötu eða skjólu á vestanverðu svæði A (Mynd 17). Þrátt fyrir að skjólan hafi ekki verið jarðfast mannvirki þá var hún skráð sem slíkt þar sem talið var að um tunnu væri að ræða. Skjólan er 30 cm í þvermáli og samanstendur af hringlaga botni í tveimur hlutum, 20 stöfum sem voru um það bil 20 cm háir og tveimur gjörðum eða böndum sem voru eflaust úr birkigreinum. Botnlögg var að finna á



Mynd 17. Mannvirki 24 – Skjóla. Myndina tók Kristján Mímisson, 3.6.2005.

öllum stöfunum og voru gjarðirnar reyrðar saman með tágum (*Skýrsla 2005*, bls. 21).

Skjólan lá undir lagi 48 en var grafin ofan í lög 47 og 62. Lag 48, eins og 47, er túlkað sem gólflag í óþekktu mannvirki sem er eldra en mannvirki 12. Lag 62 var aftur á móti ljósgrænt leirlag án mannvistarleifa en það liggur undir lögum 47 og 48 (*Skýrsla 2005*, bls. 22).

Mannvirki 25 – Dyr – Þrepskjöldur

Á svæðum E og D kom í ljós hellulögn milli tveggja stórra steinstöpla sem túlkuð hefur verið sem hluti dyraops. Steinstöplarnir lágu eflaust undir dyrastoðunum. Þrepskjöldurinn, eða þröskuldurinn, lá nokkuð lægra en gólfflötur mannvirkis 16 en það getur verið vegna þess að mannvirki 16 hefur fylgt landslaginu sem lækkaði til suðurs. Líklegast er að mannvirki 25 tengist mannvirki 16 en gæti þó verið frá eldra byggingaskeiði (*Skýrsla 2005*, bls. 22).

Mannvirki 26 – Sáfar II

Mannvirki 26 kom í ljós 2005 rétt sunnan við mannvirki 23 (sáfar I). Mannvirki 26 er af sömu gerð og mannvirki 23 sem fannst árinu fyrr, nema aðeins stærra. Þvermál þess var 1,78 m en utan um

sáinn var um það bil 20 cm rými sem var fyllt með sandi, líklegast til að verja viðinn í keraldinu gegn raka (mynd 18). Eins og mannvirki 23 þá víkkaði mannvirki 26 til botnsins. Talið er að á miðöldum hafi staðið búr með a.m.k. tveimur sáum á þessum stað (*Skýrsla 2005*, bls. 22-23).



Mynd 18. Mannvirki 26 – Sáfar II. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 24.6.2005.

Mannvirki 27 – Steinhleðsla – undirstöður fyrir þilvegg

Mannvirki 27 fannst á svæði B og var það framhald tvöfaldrar steinaraðar, mannvirki 14:B. Í fyrstu var talið að mannvirki 14:B tilheyrði mannvirki 12 (Hús II) sem var frá fyrri hluta 16. aldar en eftir að mannvirki 27 kom í ljós var sú túlkun endurskoðuð. Árið 2005 var talið að mannvirki 14:B og mannvirki 27 væru leifar af veggjum í mannvirki 34 (húsi IX) og væri undirlag fyrir þilveggi (*Skýrsla 2005*, bls. 25).

Mannvirki 28 – Timburstoðvirki – dyr

Á svæði B fannst timburstoð með útsöguðum þverbita, ásamt öðrum timburleifum. Timburstoðvirkið stóð á milli mannvirkis 14:B og mannvirkis 27 og talið er að þessi þrjú mannvirki tilheyri sama vegg í mannvirki 34 (hús IX). Við mannvirki 28 var að finna mögulegt dyraop og vestan við dyrnar var torfveggur sem hefur verið raskað af mannvirki 28. Veggurinn sást svo aftur í norður sniði svæðis B. Timburleifarnar standa í þessum eins metra breiðu dyrum. Sunnan við stoðina fundust tvær stoðarholur og mögulega hefur stoðin í mannvirki 28 staðið í stoðarholu nr. 12 (*Skýrsla 2005*, bls. 26).

Mannvirki 29 – Torf

Mannvirki 29 var torfveggur sem tilheyrði mannvirki 30 (húsi VI) en það var yngra en 1477 þar sem hægt var að sjá gjósku frá Veiðivatnagosinu 1477 (VV-1477) og Ö-1362 í torfi þess. Mannvirki 29 raskaði millivegg á milli rýma 5:A og 5:B. Ekki var hægt að greina gerð torfsins í

hleðslu þar sem mannvirki 29 hefur verið sléttað út þegar mannvirki 16 (hús IV) var byggt á norðvesturhluta mannvirkis 30 (*Skýrsla 2005*, bls. 26).

Mannvirki 30 – Hús VI

Mannvirki 30 kom fram undan mannvirki 16. Bæði mannvirki 29 og 31 tilheyra mannvirki 30 sem hefur stefnuna NNV–SSA og þakti það stærstan hluta svæðis F en náði einnig inn á svæði D og E (mynd 19). Eins og kemur fram í umfjöllun um mannvirki 29, þá er það norðvesturveggur hússins og raskaði sá veggur mannvirki 5 (*Skýrsla 2005*, bls. 27).



Í mannvirki 30 voru a.m.k. tvö rými og dyr eða jafnvel göng (mannvirki

Mynd 19. Mannvirki 30 – Hús VI fyrir miðri mynd. Myndina tók Bjarni F. Einarsson, 8.7.2005.

30:A-C). Mannvirki 30:A og 30:B voru rými aðskilin með vegg úr torfi og grjóti en þar sem veggurinn náði ekki alveg út í vestur útvegg mannvirkis 30 þá er talið að dyr hafi verið á veggnum. Mannvirki 30:C voru dyr eða göng sem afmarkast af mannvirki 31 og grjóthleðslu við norðausturenda mannvirkis 29 sem leiða inn í mannvirki 30:A (*Skýrsla 2005*, bls. 28).

Mannvirki 30:A var rými í norðvesturhorni hússins og var það um það bil 2,7 x 1,7 metrar að innanmáli. Í norðausturhorni rýmisins var að finna vatnssvorfna steina en þeim hafði verið komið fyrir í horninu. Á móti þeirri steinahrúgu, í suðvesturhorni rýmisins, var að finna grjóthrun með svörtu kolalagi undir því. Mögulega hafa þetta verið leifar af eldstæði eða hlóðum og því hefur steinhrúgan mögulega verið soðsteinaefniviður, en þeir voru ekki brenndir (*Skýrsla 2005*, bls. 27).

Mannvirki 31 – Torf- og steinveggur

Á svæði F kom í ljós veggur sem gerður var úr torfi og grjóti og hafði hann stefnuna VSV–ANA. Talið er að mannvirkið hafi verið hluti af mannvirki 30 (húsi VI) og myndað norðausturhorn þess. Vestan við mannvirki 31 voru dyr eða göng, mannvirki 30:C (*Skýrsla 2005*, bls. 29).

Mannvirki 32 – Garður / veggur

Mannvirki 32 var veggur úr torfi og grjóti sem fannst innan í norðurvegg mannvirkis 5 (hús III). Talið er að mannvirki 32 hafi tilheyrt eldra byggingaskeiði mannvirkis 5 þar sem torf- og steinhleðslan var í línu við innri vegghleðslur í mannvirki 5:A. Þó getur verið að mannvirki 32 sé eldra en mannvirki 5. Einnig er talið mögulegt að mannvirki 32 og 13 hafi verið hlutar af sama mannvirkinu og tilheyra því þeirri byggingu þar sem sáirnar (mannvirki 23 og 26) stóðu. Veggurinn hefur sömu stefnu og yngri torfveggurinn. Steinarnir í mannvirki 32 halla til suðurs og hefur það eflaust verið gert til þess að vatn myndi renna út úr veggnum (*Skýrsla 2005*, bls. 30).

Mannvirki 33 – Hús VII

Mannvirki 33 var áður mannvirki 5:C en var breytt þegar kom í ljós að um sjálfstætt mannvirki var að ræða. Mannvirki 33 er yngra en mannvirki 5 og hefur sú bygging verið byggð ofan í tóftir mannvirkis 5:B. Mannvirki 33 lá í moldar- og öskublönduðu mannvistarlagi (lag 38) sem er jafngamalt eða yngra en lag 33 (*Skýrsla 2005*, bls. 30).

Talið er að mannvirki 33 hafi mögulega verið vefstofa þar sem 18 kljásteynar fundust á steinlögðu gólfi rýmisins. Húsið hefur staðið eftir að klausturbyggingarnar (mannvirki 5) voru orðnar að rústum (*Skýrsla 2005*, bls. 31). Stóð mannvirkið á svipuðum stað og rými 5:B sem talið er að hafi verið vefstofa í mannvirki 5.

Mannvirki 34 – Hús IX

Mannvirki 34 kom í ljós á svæðum A, B og á norðurhluta svæðis C sumarið 2005. Mannvirki 34 var afar illa farið þar sem því hafði verið raskað af mannvirki 17, 12 og 5, sem þýðir að það er eldra en þessi mannvirki. Það er því frá öndverðri 14. öld eða mögulega enn eldra. Húsið var fyllt af dökku mannvistarlagi (lag 53) sem var nær eingöngu úr lífrænum leifum, þá sérstaklega

birkispreki. Í þessu lagi var að finna mikið magn gripa úr við, en þau tvö ár sem grafið var í mannvirki 34 fundust 10% allra gripa sem fundust við uppgröftinn og af þeim voru meira en 50 gripir úr við (*Skýrsla 2006*, bls. 21).

Mannvirki 14:B, 27 og 28 tilheyra mannvirki 34 og mögulega einnig mannvirki 14:A og mannvirki 18. Þegar þetta kom í ljós varð nauðsynlegt að endurskoða aldur þessara mannvirkja (*Skýrsla 2005*, bls. 32).

Mannvirki 34 einkenndist af steinvegg sem var með stefnu norðvestur–suðaustur frá norðurhorni mannvirkisins. Á þessum vegg var að finna dyr og frá dyrunum var dæld sem lá til austurs og var fyllt hreinum sandi. Þessi dæld er túlkuð sem ræsi. Ekki var hægt að skera úr um notkun eða gerð hússins en talið er að þarna sé um hús í elsta byggingarskeiði Kirkjubæjarklausturs sé að ræða (*Skýrsla 2005*, bls. 32).

Mannvirki 35 – Meintur kampur

Undir mannvirki 5:A á mörkum svæða C, D og F kom nýtt mannvirki í ljós í lok sumarsins 2005. Mannvirkið var úr torfi og var ein röð steina. Steinarnir eru eflaust innri hleðsla í vegg en torfið hefur verið sléttuð út. Í fyrstu var talið að mannvirki 35 væru leifar af húsi sem mögulega væri eldra en mannvirki 5 og eldra eða jafngamalt og mannvirki 34. Sumarið 2006 kom í ljós að mannvirki 35 var jafn gamalt mannvirki 5 og tilheyrði því sem hluti mannvirkis 5/2 (*Skýrsla 2006*, bls. 22).

Mannvirki 35 er talið vera hluti af dyraumbúnaði, s.s. kampi, og bendir allt til þess að um útidyr sé að ræða en ekki dyr á milli herbergja. Því er nú talið að útgengt hafi verið úr rými mannvirkis 5/2 til norðurs áður en mannvirki 5:A var byggt við húsið. Þegar mannvirki 5:A var byggt við hefur verið tyrft upp í dyrnar. Þó er möguleiki á því að dyrnar hafi enn verið í notkun en í staðinn verið notaðar til að tengja mannvirki 5:A og 5:B saman (*Skýrsla 2006*, bls. 22).

Mannvirki 36 – Steingólf – herbergi

Þegar komið var niður á mannvirki 36 árið 2005 þá náði mannvirkjanúmerið aðeins yfir steingólfíð sem fannst við lok uppgráftartímabilsins (Mynd 20). Árið 2006 kom í ljós að steingólfíð tengdist stærra rými sem tilheyrði eflaust mannvirki 16. Talið er að þetta mannvirki sé yngra en mannvirki 35 og tilheyrir því yngra byggingarstigi hússins. Herbergið er sunnan við mannvirki 5:A og austan

við mannvirki 5:C. Talið er að steingólfíð hafi aðeins þakið hluta herbergisins sem mögulega var hluti af göngum eða gangi yfir í annað rými sunnan við uppgröftinn (*Skýrsla 2006*, bls. 22-23).

Þrír gripir fundist í þessu mannvirki. Hvalbein (f.nr. 2007-44-837) og járnteinn (f.nr. 2007-44-830) fundust í mannvistarlagi 60 sem mögulega var undirlag fyrir timburgólf, en lagið var blanda af torfi og leir með viðarkolamolum. Þriðji gripurinn var járnnegli (f.nr. 2007-44-899) sem kom upp í sandlagi undir steingólfinu (*Skýrsla 2006*, bls. 23).



Mynd 20. Mannvirki 36 – Steingólf. Myndina tók Bjarni F. Einarsson 14.7.2005.

Mannvirki 37 – Tunna III

Síðasta sumar uppgrafter á Kirkjubæjarklaustri fundust leifar af botni tréíláts í norðausturhorni mannvirkis 5/2. Þrátt fyrir að ekki hafi verið um eiginlega tunnu að ræða var ílátið skráð sem mannvirki 37. Ílátið var u.þ.b. 60 cm í þvermál og grafið lítilega niður í gólfslag 65. Mannvirki 37 hefur verið smíðað úr trégjörðum og var það með fjarlabotn sem er ólíkt mannvirkjum 10 og 20 (tunnum I og II). Um fjórðungur af neðstu gjörðinni hefur varðveist og úr botninum voru enn þrjú bretti til staðar en svo fúin að ekki var talinn möguleiki á því að varðveita þau. Gjarðirnar voru tvöfaldar og gekk bronsþnoð í gegnum þau til að halda þeim saman og utan á hnoðinu var bronsplata eða bronslauf sem var greypt inn í ytra borðið (*Skýrsla 2006*, bls. 23-24).

Ólíkt mannvirkjum 10 og 20 þá var farið utan um mannvirki 37 jafnstórt ílátinu svo mannvirki 37 hefur ekki verið fódrað, en undir botni ílátsins var þunnt öskublandað lag og neðan við það hélt lag 65 áfram. Kenning var um að mannvirki 37, sem tilheyrði síðasta skeiði rýmis mannvirkis 5/2, hafi verið arftaki samskonar tréíláts, en mannvirki 37 og 42 stóðu í sitthvoru horni rýmisins (*Skýrsla 2006*, bls. 24).

Mannvirki 38 – Steinflötur

Mannvirki 38 er tveggja fermetra steinlagður flötur sem kom fram í rými mannvirkis 5/2. Flöturinn var þétt lagður nokkuð jafn stórum steinum sem voru í kringum 20 cm breiðir og gekk hann þvert á rýmið frá norðurveggnum. Talið er að flöturinn marki skilrúm í rými mannvirkis 5/2 og í suðurenda þess hafi verið dyr (*Skýrsla 2006*, bls. 23). Steinflöturinn lá yfir lagi 65 og beint ofan á mannvirki 39 og því talið yngra en gólflagið og mannvirki 39, sem þýðir það að mannvirki 38 hefur að minnsta kosti tilheyrt allra yngsta skeiði mannvirkis 5/2 (*Skýrsla 2006*, bls. 25).

Mannvirki 39 – Trévirki – meintur vefstaður

Sumarið 2006 fundust vel varðveittir trédrumbar ásamt öðrum viðarleifum undir mannvirki 38 og innan um óþekkt hrun (sjá forsíðumynd og mynd 19). Þetta trévirki hefur verið túlkað sem leifar af vefstað þar sem ólíklegt er að tréleifarnar hafi verið burðarviðir í mannvirki 5. Við mannvirki 39 fundust einnig sjö kljásteynar og þegar dreifing þeirra var skoðuð þá styrkir það túlkunina um að vefstað sé að ræða, en af 36 kljásteynum sem fundust á kirkjubæjarklaustri



Mynd 21. Mannvirki 38 og 39 neðramegin til vinstri. Myndina tók Kristján Mímisson.

lágu 16 af þeim á þessu afmarkaða svæði. Svo talið er að ofið hafi verið í þessu rými klausturshúsanna frá lokum 14. aldar og fram undir siðaskipti (*Skýrsla 2006*, bls. 25).

Mannvirki 40 – Garður / Veggur

Árið 2002 voru gerðar viðnáms- og segulsviðsmælingar sem leiddu, meðal annars, í ljós eða vegg innan gamla kirkjugarðsins. Þennan vegg má sjá á yfirborði. Var talið að hér væri um hringlaga kirkjugarðsvegg að ræða sem tilheyrði klausturkirkjunni en við nánari athugun kom í ljós að garðurinn er ekki hringlaga heldur garður með beina vegg og rúnnað horn (*Skýrsla 2006*, bls. 28–29).

Prufuskurður 2 var tekinn árið 2006 innan gamla kirkjugarðsins með það að augum að grafa þennan vegg fram. Greinilegt var að mannvirki 40 hefur verið nýtt í mjög langan tíma en snið þess var um 2 m að hæð og sýndi greinilega að minnsta kosti fimm byggingarstig. Torfið í mismunandi byggingarstigum er blandað foksandi og svörtum gjóskulögum sem bendir til afstæðs aldurs þeirra. Elstu tvö stigin eru um 120 cm að breidd, hlaðið með steinum beggja megin og svipar torfið mjög svo til torfsins í mannvirki 5. Er því talið að mannvirki 40 sé hluti af veggjum mannvirkis 5 (*Skýrsla 2006*, bls. 29–31).

Mannvirki 41 – Meint ræsi

Í mannvirki 5/2 fundust fimm steinhellur sem stóðu upp á rönd og virtust mynda hluta ræsis, sem að öllum líkindum hefur verið rífið á einhverjum tímapunkti. Þetta meinta ræsi svipar mjög til mannvirkja 7, 8 og 9. Leifar mannvirkis 41 hefur verið fyllt með lagi 65 (*Skýrsla 2006*, bls. 31–32).

Mannvirki 42 – Tunna IV

Í suðausturhorni mannvirkis 5/2 fundust leifar tunnu eða tréíláts sem líkist mannvirki 37. Viðarleifarnar voru mjög fúnar og komu þær aðeins fram sem rauðbrún litbrigði í dökku gólflagi 65. Þó mátti greina rönd ytra byrðis mannvirkis 42 og leifar af botni þess. Ílátið hefur verið um 60 cm í þvermál og því af sömu stærð og mannvirki 10, 20 og 37 (tunnur I – III). Kenning er uppi um að mannvirki 37 hafi verið arftaki mannvirkis 42. Einnig er möguleiki á því að ílátin hafi verið notuð á sama tíma en tæpur 20 cm hæðarmunur á botni þeirra. Ekki er hægt að segja með vissu um notkun mannvirkis 42, en mögulega hafa þau tengst nýtingu rýmisins sem vefstofu (*Skýrsla 2006*, bls. 32).

Mannvirki 43 – Sáfar III

Í rými mannvirkis 5/2 fannst hálfhringlaga far sem túlkað var sem sár. Farið líktist mannvirkjum 23 og 26 (sáför I og II) sem fundust á vesturhluta svæðis A. Farið var í kringum 120 cm í þvermál, fyllt öskublönduðum jarðveg og þar utan um 10 til 15 cm þykkt sandlag. Ekki var möguleiki á því að taka þversnið í gegnum sáfarið svo ekki er vitað hversu djúpt sárinn hefur staðið eða hvort viðarleifar hafa varðveist líkt og í mannvirkjum 23 og 26. Mannvirki 45 hefur tilheyrt eldra

byggingaskeiði mannvirkis 5/2 þar sem það breytist ekki fyrr en neðarlega í lagi 65 (*Skýrsla 2006*, bls. 33).

Mannvirki 44 – Ræsi VI

Austan við dyr á austurvegg mannvirkis 34 kom mannvirki 44 í ljós, ræsi sem svípar mikið til ræsa úr yngri byggingum. Það var í kringum 20 cm djúpt og 40 cm breytt. Það hefur verið fóðrað með samsíða steinaröðum og lokað með hellum. Hægt var að rekja ræsið u.þ.b. 160 cm til austurs frá dyrunum þar sem það hvarf (*Skýrsla 2006*, bls. 33).

8. Fundir

Alls voru skráð 964 fundarnúmer á Kirkjubæjarklaustri á árunum 2002 og 2006. Af þeim voru 163 skráð árið 2002; 223 árið 2003; 279 árið 2004; 173 árið 2005 og 124 árið 2006. Gripaflóran og dreifing þeirra vakti þó nokkra athygli á meðan uppgröfturinn fór fram. Seinustu tvö ár hans voru skráð mun færri fundanúmer en árin áður. Til að mynda þá fækkaði nýjum fundarnúmerum um 38% á milli áranna 2004 og 2005 og 28% á milli áranna 2005 og 2006. Þessi fækkun vekur sérstaklega athygli þar vegna þess hversu stór uppgröfturinn var árin 2005 og 2006. Einnig hafa flestir þeirra gripa sem fundust á þessum árum verið á mjög afmörkuðum svæðum á meðan voru önnur svæði voru nánast gripalaus. Til að mynda voru 76% fundanúmera af aðeins tveimur svæðum árið 2006, þ.e. gólflag 65 í mannvirki 5/2 og lag 53 umhverfis mannvirki 34. Efniviður þeirra gripa sem fundust árin 2005 og 2006 hefur einnig vakið athygli þar sem um fjórðungur þessara gripa voru úr við en sjaldgæft er að viður varðveist svo vel í jarðvegi á Íslandi (*Skýrsla 2006*, bls. 35).

Rétt er að taka fram uppgröfturinn á Kirkjubæjarklaustri 2002-2006 var skráður undir einu rannsóknarnúmeri árið 2007 og eru því jarðfundnir gripir frá öllum árum rannsóknarinnar skráðir með einni seríu hlaupandi númera, þ.e. 2007-44-1 til -964.

8.1. Steinar

Alls voru 94 fundanúmer skráð sem steinar og er það 9,8% af gripaflóru rannsóknarinnar. Af þeim fundust 20 árið 2002, tólf árið 2003, 30 árið 2004, 20 árið 2005 og tólf árið 2006. Meðal annars

fundust 27 kljástear og 19 steinsleggjur. Einnig fundust 27 brýni úr flögubergi, einn altarissteinn (f.nr. 2007-44-652), ein klébergsgryta (f.nr. 2007-44-401) og einn mögulegur steinkross (f.nr. 2007-44-665).

Þeir steingripir sem voru hvað áhugaverðastir voru allir þeir kljástear sem fundust á svæðum D og E þar sem dreifing þeirra ásamt viðarleifum gefur til kynna að um vefstaði var að ræða (mynd 22). Við rannsókn sem Mårtensson, Nosch og Strand gerðu á vefstöðum með notkun kljástearna að leiðarljósi kom í ljós að

gerð og stærð kljástearna skiptu miklu máli, þar sem minna en 10 gr. ójafnvægi á þyngd steinanna hafði mikil áhrif á vefnaðinn. Rannsóknin sýndi fram á að þunnir kljástear voru hentilegastir við vinnslu á vefnaði með færri þráðum á meðan þyngri kljástear hentuðu vel við vinnslu á vefnaði með fleiri þráðum (Mårtensson, L., Nosch, M. L. og Strand, E. A., 2009. bls. 396). Með frekari rannsóknum á þeim kljástearnum sem fundist hafa á Kirkjubæjarklaustri er því möguleiki á því að leiða líkur að því hverskonar textíll var framleiddur í vefstaðnum með því að rannsaka þyngd og stærð kljástearna.



Mynd 22. Snældusnúður (2007-44-633).

8.2. Járn

Á milli áranna 2002 og 2006 voru skráð 232 fundanúmer fyrir járngrípi. Því voru járngrípirnir 25,1% af þeim fundanúmerum sem skráð voru við rannsóknina, sem gerir það að verkum að þessi gripaflokkur er næst stærsti gripaflokkur rannsóknarinnar. Af þeim voru 46 fundanúmer skráð árið 2002, 77 árið 2003, 51 árið 2004, 42 árið 2005, en aðeins 16 fundanúmer



Mynd 23. Þrjónar (2007-44-143).

voru skráð seinasta ár rannsóknarinnar. Stór hluti þessara númera voru fyrir járnagla og hóffjaðrir eða 113 númer.

Margir áhugaverðir járngrípír fundust við rannsóknina, til að mynda hrúga af misstórum þrjónum (f.nr. 2007-44-143, sjá mynd 23) sem virðast upprunalega hafa verið bundnar saman. Einnig fundust tveir hengilásar (f.nr. 2007-44-101 og 2007-44-897). Báðir lásarnir voru af svipaðri tegund, en sá fyrri, sem fannst árið 2002, var ekki í jafn góðu ástandi og sá sem fannst árið 2006. Hann var mun ryðgaðri og við uppgröft brotnaði hann í tvennt. Sá síðari var í betra ástandi og sést greinilega að hann er þríhyrndur með áletrun á armi hengilássins sem sýnir annaðhvort M eða W. Einnig fundust, meðal annars, 13 hnífar, sex krókar, 17 teinar og einn gaffall.

8.3. Bein

Sá gripaflokkur þar sem flest fundanúmer voru skráð voru bein eða 302 fundanúmer, sem er 31,5% af fundarnúmerum rannsóknarinnar. Við fyrsta ár rannsóknarinnar á Kirkjubæjarklaustri, árið 2002 voru 31 fundanúmer skráð sem bein, árið 2003 voru 67 fundanúmer, árið 2004 voru þau 122, árið 2005 voru þau aðeins 38 og að lokum voru 44 fundanúmer skráð árið 2006.

Af þessum beinum voru nær öll dýrabein en aðeins eitt fundarnúmer var skráð fyrir mannabein. Voru það barnatennur (2007-44-887) úr tveggja til fjögurra ára gömlu barni sem fannst í gröf 1 í prufuskurði 1 í kirkjugarðinum árið 2006.

8.4. Viður

Gripir úr viði voru skáðir á 103 fundarnúmer á milli áranna 2002 og 2006 sem var 10,7% af gripum rannsóknarinnar. Af þessum fundanúmerum voru tíu skráð árið 2002, árið 2003 voru þau aðeins þrjú,



Mynd 24. Trénál (2007-44-316).

árið 2004 voru þau 16, árið 2005 voru þau 47 og 27 fundanúmer voru skráð árið 2006.

Þessi fjöldi gripa er áhugaverður en á meðan fjöldi nýrra funda í öðrum fundarhópum fækkaði á milli áranna 2004 og 2005 jókst fjöldi viðargripa gífurlega milli þessara ára. Varðveisluskilyrði þeirra eru einnig áhugaverð, þar sem viðargripir frá síðmiðöldum eru

sjaldfundnir í uppgröftum. Síðustu tvö ár rannsóknarinnar var nær fjórðungur allra gripa sem skráðir voru úr við. Talið er að ástæðan fyrir því að varðveisla viðargripanna var svo góð og þá sérstaklega á norðurhluta svæðis C var vegna bláleits efnis sem var að finna á gripum og steinum sem talið er að hafi verið kóbaltklóríð. Málmstölt eru þekkt fyrir það að hafa þann eiginleika að varðveita lífræn efni sem gerir það að verkum að blá útfelling sem var að sjá á mörgum viðagripum bætti varðveisluskilyrði þeirra (*Skýrsla 2005*, bls. 35).

Margir af þessum gripur eru afar áhugaverðir. Til að mynda fannst botn af skjólu (f.nr. 2007-44-711), nál úr við með tálguðum odd (f.nr. 2007-44-316, sjá mynd 24) og önnur viðarnál með oddi sem brotnaði við rannsóknina (2007-44-470). Einnig fundust margir stafir sem voru enn með leifum af dögg (t.d. f.nr. 2007-44-663).

8.5. Keramik

Við rannsóknina á Kirkjubæjarklaustri voru 85 fundanúmer skráð sem gripi úr „leir“ á árunum 2002 til 2006 sem var 8,8% af fundanúmerum rannsóknarinnar. Við fyrsta ár rannsóknarinnar fundust 26 gripir úr keramik, árið 2003 voru skráð 14 fundanúmer, árið 2004 voru þau 30, árið 2005 voru þau 38 og síðasta ár rannsóknarinnar voru þau 44. Meirihluti þeirra voru skráð sem leirker eða leirtau eða 73 fundanúmer.

Nokkur áhugaverð brot sem fundust eru til að mynda leirkersbrotin (f.nr. 2007-44-62 og 2007-44-61) úr Raeren steinleir sem voru með stimpluðu skrauti. Hægt var að sjá hringlaga skraut sem talið er að var hluti af dreka, einnig var mögulegt að sjá hluta af ártali, en hægt var að sjá tölurnar „16“. Ein deigla fannst (f.nr. 2007-44-391), tveir múrsteinar (f.nr. 2007-44-171 og 2007-44-172) sem mögulega voru úr ofni og eitt brot úr mögulegum múrstein (f.nr. 2007-44-103) og níu krítarpípubrot.

8.6. Gler

Á milli áranna 2002 og 2006 voru 43 fundanúmer skráð fyrir gler á Kirkjubæjarklaustri sem er aðeins um 4,5% af fundanúmerum rannsóknarinnar. Af þeim voru átta fundanúmer skráð sem gler árið 2002, 22 árið 2003, sjö árið 2004, aðeins voru tvö fundanúmer skráð árið 2005 og að lokum voru fjögur fundanúmer skráð seinasta ár rannsóknarinnar árið 2006. Meirihluti þessara gripa voru

græn eða ljósgræn ógreinanleg glerbrot eða brot úr flöskum. Af 43 fundanúmerum voru 27 skráð sem ógreinanleg glerbrot og tíu sem brot úr flöskum.

Ásamt þessum brotum fannst glerbrot úr steindum glugga (f.nr. 2007-44-466, sjá mynd 25) árið 2004 sem er 4,6 cm langt og 2,1 cm breitt og rúmlega 3 mm þykkt. Brotið fannst á svæði C í mannvistarlagi 29 sem hefur verið aldursgreint til miðalda.



Mynd 25. Brot úr steindum glugga (2007-44-466).

Glerbrotið er litað tveimur brúnum litum með greina- eða laufblaðaskrauti og bókstöfum á tveimur borðum sem var aðskilin með ljós drapplitaðri línu. Steind gler voru mjög litrík á fyrri hluta miðalda og urðu litirnir mun einsleitari á síðmiðöldum sem passar við aldursgreiningu mannvistarlagsins sem brotið fannst í. Þrátt fyrir að áletrunin sé skýr þá er erfitt að greina hvaða bókstafir eru á glerinu. Stafirnir G, J og S virðast vera á glerinu en stafirnir G og S eru samt sem áður fremur óskýrir þar sem þeir eru staðsettir við brotið á glerinu (*Skýrsla 2004*, bls. 32-33).

Annað brot af steindu gleri (f.nr. 2007-44-880) fannst á svæði D árið 2006. Var það með tveimur greinanlegum brúnum litum, en brotið lá á við sem mögulega var partur af ramma utan um glerið. Einnig fannst handmálað glerbrot (f.nr. 2007-44-845) sem fannst við hreinsun á norður sniði á svæði A. Brotið er í kringum 3 cm langt og er það skreytt með hvítum blómum.

8.7. Brons og kopar

Á vettvangi við rannsóknina á Kirkjubæjarklaustri fundust gripir sem voru skráðir sem annaðhvort brons eða kopar. Þar sem brons er málmblanda kopars og annarra málma var ákveðið að fjalla um þessa tvo hópa saman fremur en í sitthvoru lagi.

Fundarnúmer sem skráð eru sem brons við rannsóknina á Kirkjubæjarklaustri eru 44 og sem kopar tólf, fyrir heildarfjölda 56 fundarnúmera sem skráð eru sem brons eða kopar. Af þeim voru



Mynd 26. Fingurbjörg (2007-44-179).

ellefu fundanúmer skráð fyrir brons gripi árið 2002, 15 árið 2003, einn brons gripur var skráður árið 2004 og átta sem kopar, sjö brons og þrjú kopar árið 2005, tíu fundanúmer voru skráð sem brons seinasta ár rannsóknarinnar árið 2006 og eitt sem kopar.

Meirihluti þessara gripa, eða 28 fundarnúmer, voru hnoð eða þynnur. Af öðrum áhugaverðum gripum má nefna fingurbjörg (f.nr.



Mynd 27. Reikningspeningur (2007-44-563).

2007-44-179, sjá mynd 26) sem fannst árið 2003 í suðurhluta svæðis C þétt upp við hlaðinn vegg mannvirkis 15, speldi (f.nr. 2007-44-587) með upphleyptu skeyti og var það með innfelda kanta sem virtust hafa verið festir utan um eitthvað, lykkjur (f.nr. 2007-44-699) úr kopar með leifum af vefnaði en talið er að lykkjurnar séu mögulega úr kvenbúningi.

Einn merkasti kopargripurinn sem fannst við rannsóknina var gullhúðaður reikningspeningur (f.nr. 2007-44-563, sjá mynd 27) sem fannst árið 2004. Peningurinn fannst meðal dýrabeina inn í grjóttvegg í mannvirki 17 á svæði C. Á sínum tíma var peningurinn greindur af Anton Holt sem taldi peninginn vera frá Nürnberg í Þýskalandi og að hann hafi verið gerður í kringum 1500 – 1550. Reikningspeningar eða *abacus* voru notaðir til ýmissa reikninga á miðöldum og fram til 18. aldar og voru þeir kallaðir klausturspeningar (e. *abbey token*) á Bretlandi og voru þeir notaðir til þess að reikna tíundir og aðrar greiðslur til klaustursins (*Skýrsla 2004*, bls. 31).

Einnig fundust möguleg heklunál (f.nr. 2007-44-337), grýta (f.nr. 2007-44-939), þrír naglar úr bronsi (f.nr. 2007-44-271-3) og eirpottur (f.nr. 2007-44-305).

8.8. Textíl

Textílar voru skráðir á ellefu fundanúmer yfir öll ár rannsóknarinnar. Af þeim fannst einn textíl bútur (f.nr. 2007-44-156), mögulega vaðmál, árið 2002. Árið 2003 voru þrjú fundanúmer skráð fyrir textíl, árið 2004 voru tvö fundanúmer, þrjú árið 2005 og að lokum voru skráð tvö ný fundanúmer fyrir textíl seinasta ár rannsóknarinnar. Meirihluti gripanna, eða sex fundanúmer, voru skráð sem ull, eitt númer sem ullarþræðir (f.nr. 2007-44-780) og fimm sem efnisbútar úr ull. Einnig voru fjórir fundir skráðir sem vaðmál, eitt fundanúmer sem vefnaður og að lokum fannst brons hringur með leifum af ull. Sjá frekari greiningar í viðauka 2.

8.9. Leður

Sjö fundanúmer voru skráð sem leður. Af þeim voru skráð tvö fundanúmer árið 2002. Árið 2003 voru einnig skráð tvö fundanúmer, tvö árið 2004, eitt árið 2005 og ekkert árið 2006. Meirihluti leðurgripanna sem fundust á Kirkjubæjarklaustri voru einhverskonar leðurpjötlur og leifar af leðri sem líklegast eru partur af botni leðrups (t.d. f.nr. 2007-44-804 og 2007-44-155). Einnig fundust tveir skósólar. Annar þeirra (f.nr. 2007-44-370) fannst árið 2003 í mannvirki 3:A og var hann með gati. Hinn skósólinn (f.nr. 2007-44-415) fannst árið 2004 og vantaði á hann hælinn. Annar athyglisverður leður fundur, sem fannst árið 2004, var leðurborði (f.nr. 2007-44-644) sem var með greinanlegum nálaförum.

8.10. Vax

Við rannsóknina á Kirkjubæjarklaustri voru tvö fundanúmer skráð fyrir vax. Árið 2003 fannst vaxmoli (f.nr. 2007-44-343) og ári seinna fannst annar vaxmoli (f.nr. 2007-44-650, sjá mynd 28) sem talin eru hafa verið hráefni fyrir vaxspjöld fremur en kerti. Því er ekki ólíklegt að þetta sé vísbending um ritmenningu klaustursins því vax og vaxtöflur voru notaðar til ritunar í klaustum á miðöldum áður en byrjað var að notast við pappír (Margrét Hallgrímsdóttir, 1990, bls. 106-107).



Mynd 28. Vaxklumpur (2007-44-650).

9. Grafir

Árið 2006 voru teknir tveir prufuskurðir innan kirkjugarðsins á Kirkjubæjarklaustri. Þessir prufuskurðir voru þó ekki teknir með það markmið að rannsaka grafir innan kirkjugarðsins svo reynt var að komast hjá því að raska þeim. Það var þó ekki alltaf mögulegt og því fundust níu grafir í þessum prufuskurðum. Af þessum níu gröfum voru tvær í prufuskurði 1 og sjö í prufuskurði 2 og af þeim voru sex grafir barna (*Skýrsla 2006*, bls. 34).

Grafið hefur verið í gegnum foksandinn þegar grafirnar voru teknar sem gefur að kynna að þær séu frá seinni hluta 19. aldar. Varðveisluskilyrði líkamsleifa í þessum gröfum var ekki góð þar

sem aðeins fundust barnatennur úr tveggja til fjögurra ára gömlu barni í einni gröfnni en annars fundust engar líkamsleifar. Tvær eldri grafir sem lágu undir foksandinum og fundust við rannsókn á prufuskurðunum voru ekki grafnar upp (*Skýrsla 2006*, bls. 34-35).

10. Túlkun

Við lok uppgrafter á Kirkjubæjarklaustri 2006 var aðeins búið að rannsaka lítinn hluta af rústum klaustursins frá 14. öld og fram til siðaskipta. Ekki reyndist unnt að kanna minjar frá fyrstu öldum klaustursins og því var ekki hægt að sjá heildarstærð klaustursins. Þrátt fyrir að klaustrið hafi ekki verið grafið upp í heild sinni þá hefur rannsóknin sýnt fram á þrjú byggingaskeið síðustu tveggja alda klaustursins. Hægt er að sjá þessi byggingaskeið í mannvirki 12, sem eru klausturhúsin frá því rétt fyrir siðaskipti en þau voru illa farin þar sem mannvirki 3 raskaði rústum klausturhúsanna þegar það var byggt eftir siðaskiptin eða á 16. til byrjun 17. aldar. Gripaflóra mannvirkis 12 staðfestir tengingu þess við klaustrið þar sem í mannvistarlögum þess fannst meðal annars reiknipeningur (f.nr. 2007-44-563), altarissteinn (f.nr. 2007-44-652) og brot úr steindum glugga (f.nr. 2007-44-466) sem eru allir gripir sem tengjast klaustrinu eða kirkjunni (*Skýrsla 2006*, bls. 38).

Mannvirki 5 er partur af klaustrinu frá 15. öld og eru þær minjar sem voru best varðveittar. Byggingin hefur verið í norðausturhluta húsapýrpingar klaustursins. Eins og kom fram í kafla 7 þá var mannvirki 5 skipt niður í þrjú rými en tvö austari rýmin hafa verið tengd við yngri byggingarstig hússins (mannvirki 5:A og mannvirki 36). Gripir fundust nær eingöngu í megin rýmum byggingarinnar (mannvirki 5:B og mannvirki 5/2) en út frá þeim gripum sem fundust í mannvirki 5/2, s.s. mikill fjöldi kljástaina og timburs, var sú kenning lögð fram að það rými hafi verið vefstofa klaustursins (*Skýrsla 2006*, bls. 38).

